

*Háskóli Íslands*  
Hugvísindasvið  
Sagnfræði

# Leit að lögmálum í sögunni

Ritgerð til B.A. prófs  
Árni Zophoniasson  
Ktl.: 1602593539

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson  
Desember 2018

# Ágrip

Raunhyggja hefur verið ráðandi hugmynd í þekkingarfræði síðustu alda. Í sagnfræði er grunnhugmynd raunhyggjunnar sú að hægt sé að skoða söguna með hlutlægum hætti og komast að niðurstöðum byggðum á heimildum. Löghyggjan er spröttin úr þessum jarðvegi en leggur áherslu á að framvinda sögunnar lúti lögmálum. Líta má á þessar tvær hugmyndir sem forsendur sagnfræði tuttugustu aldar. Á sama tíma voru við lýði aðrar hugmyndir sem lögðu áherslu á hlutverk sagnfræðingsins við túlkun heimilda. Þegar leið að lokum tuttugustu aldar urðu mikil umskipti, hugmyndir raunhyggju og löghyggju hopuðu fyrir menningarsögu, hugarfararsögu og áhrifum póstmóðernisma. Undir lok tuttugustu aldar voru lögmál nánast horfin úr sagnfræði.

Í byrjun 21. aldar fór áhugi á heimssögu, stórsögu og þætti umhverfismála í sögulegri þróun vaxandi. Þessar breytingar gefa tilefni til að skoða söguna í stærra samhengi, lengri tímalínunum og með lögmál eða mynstur í huga. Á sama tíma urðu tæknibreytingar sem auðvelda og hvetja jafnvel til notkunar á lögmálsskýringum í sagnfræði. Í ritgerðinni er þessi saga rakin og greind auk þess sem leitað er lögmála í sagnfræði nýrrar aldar.

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Inngangur.....	3
Raunhyggja og lögmál í sagnfræði.....	6
Endurreisn og upplýsing .....	7
Þýska háskólasagnfræðin.....	8
Pósítívismi .....	10
Félags- og hagsaga.....	11
Löghyggja.....	14
Andóf gegn löghyggjunni.....	21
Menninga- og hugarfarssaga.....	22
Hughyggja.....	23
Postmodernismi .....	25
Löghyggja í sagnfræði nýrrar aldar .....	30
Heimssaga, stórsaga og umhverfið .....	31
Tæknibreytingar.....	33
Breyttur skilningur á lögmálum.....	35
Niðurstöður.....	39
Heimildaskrá.....	42

# Inngangur

Er mannkynið á ferðalagi sem stjórnast af sögulegum lögmálum eða er vegferð okkar háð tilviljunum? Á stundum hafa þau viðhorf verið áberandi meðal sagnfræðinga að sagan þróist með kerfisbundnum hætti að fyrirfram ákveðnum áfanga. Á öðrum tímum hafa þeir litið á söguna sem tilviljanakenndan glundroða sem gerir sagnfræði í besta falli að einhvers konar bókmenntagein. Hugmyndir um að lögmál ráði gangi sögunnar eru gamlar og tengjast hugsanlega leit mannsins að tilgangi lífsins. Sýn kristinnar kirkju um baráttu góðs og ills sem að lokum leiði mannkynið að guðsríki eru dæmi um hugmyndir af þessu tagi. Af sama meiddi er söguleg efnishyggja marxismans þar sem stéttarbarátta og átök um framleiðslukerfin leiða til byltinga sem að endingu skapa friðsamt og stéttlaust samfélag. Trúin á stöðugar framfarir sem leiða til hagvaxtar, alþjóðavæðingar, lýðræðis og velmegunar um allan heim er enn önnur löghyggjuhugmynd. Þessar hugmyndir byggja á sögulegri framvindu með einhvers konar sæluríki sem endanlegt markmið. Hugmyndir um að sagan þróist í líkingu við lífverur frá fæðingu, uppvexti, blómatíma, hnignun og loks til dauða eru einnig vel þekki afbrigði af löghyggju. Færa má rök fyrir því að algeng hugmynd nútímans um að maðurinn muni óhjákvæmilega tortíma menningu sinni og sjálfum sér í offjölgun, fæðuskorti, súru regni, plastúrgangi og loftslagsbreytingum, sé einhvers konar löghyggjuhugmynd. Þótt flestar þessar hugmyndir hljómi kunnulega og sumar séu hluti af daglegu lífi okkar er langt í frá að allir sagnfræðingar aðhyllst löghyggju. Reyndar er það svo að löghyggjuskýringar í sagnfræði hurfu nánast af sjónarsviðinu þegar líða tók á tuttugustu öld. Á síðustu áratugum aldarinnar varð til hugmyndastraumur sem hélt því gagnstæða fram, að í sögunni réðu tilviljanir einar. Sumir fræðimenn töldu að það væri ekki tilraunarinnar virði að fást við sagnfræði vegna þess að heimildir sagnfræðinga væru óáreiðanlegar og túlkun þeirra á heimildum líktist meira skáldskap en fræðigrein. Það er með öðrum orðum óljóst hvort löghyggja lifði að sjá ljós nýrrar aldar og hvort slíkar hugmyndir eigi erindi í sagnfræði nútímans.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er tvíþætt, annars vegar að gera grein fyrir hvernig löghyggja hefur verið notuð í sagnfræði og hins vegar að svara því hvort lögmál eigi erindi í sagnfræði nýrrar aldar. Fyrsta skrefið í þessari vegferð er að gera grein fyrir hugmyndum raunhyggju (*e: empiricism*) og eru þær reifaðar í fyrsta kafla. Raunhyggja er jarðvegur þeirra hugmynda að sagan lúti lögmálum en grundvallarsýn hennar er að þekking verði til með reynslu, skipulögðum tilraunum eða rannsókn á heimildum í tilfelli

sagnfræðinnar. Í framhaldi af umfjöllun um raunhyggju er fjallað um löghyggju (e: *determinism*)<sup>1</sup>. Birtingamyndir löghyggjunnar eru ólíkar og hugtakanotkunin breytist með tímanum, fjallað er um póstívisma nítjandu aldar, löghyggju tuttugustu aldar og ólíkar birtingamyndir lögmála í sögunni. Sett er fram hugmynd um flokkun lögmála í þrjá meginflokka og skoðuð dæmi um hvernig löghyggja birtist í verkum sagnfræðinga á tuttugustu öld.

Í öðrum kafla er fjallað um ólíkar hugmyndir sem líta má á sem andsvar við raunhyggju og löghyggju svo sem menningasögu og hughyggju (e: *idealism*). Báðar þessar hugmyndir gera ráð fyrir að sagnfræðingurinn gegni mikilvægu hlutverki í að túlka og vinna úr heimildum. Hlutverk sagnfræðingsins sé ekki einungis að draga sannleikann úr heimildunum heldur sé höfundurinn sjálfur mikilvægur þáttur í hugverkinu. Hughyggja felur í sér hugmyndir um að leita þurfi orsaka í huga þeirra gerenda sem koma við sögu í sagnfræðilegum atburðum. Leiðin til að skilja slíka atburði felist í að lifa sig inn í hugarheim sögupersóna og skynja aðstæður og tíðaranda. Í lok kaflans er fjallað um breytingar sem urður á síðari hluta tuttugustu aldar sem grófu undan hefðbundnum hugmyndum sagnfræðinga um raunhyggju og löghyggju. Þessar hugmyndir hafa verið kenndar við póstmóðernisma. Í róti þeirra komu upp efasemdir um heimildir sagnfræðinnar og getu fræðigreinarinnar til þess að varpa ljósi á fortíðina. Undir lok tuttugustu aldar fór afar lítið fyrir löghyggju innan sagnfræðinnar.

Í þriðja kafla ritgerðarinnar er fjallað um breytingar sem orðið hafa á efnistöku og vinnuaðstæðum sagnfræðinga á 21. öld. Breytt skipan heimsmála hefur endurnýjað áhuga á heimssögu og ný viðfangsefni eins og umhverfismál og stórsaga hafa beint athygli sagnfræðinga aftur að stórum tímalínunum. Vinnuumhverfi sagnfræðinga hefur breyst vegna tækniþróunar, nýjar aðferðir gera þeim sem sinna fræðastörfum mögulegt að skoða gögn með áður óþekktum hætti. Skoðað er hvaða áhrif þessar breytingar hafa á fræðigreininna og rætt um erindi löghyggju í sagnfræði 21. aldar. Í lokin er fjallað um breytt viðhorf til lögmála í raunvísindum. Umræðan um lögmál í sagnfræði hefur að nokkru leyti snúist um skilgreiningar og samanburð við náttúrulögmál. Nýjar

---

<sup>1</sup> Vísað er til löghyggju með ólíkum hugtökum. Hugtakið *determinism* er notað hér en einnig er vísað til löghyggju með hugtökum eins og *theories*, *generalization* eða einfaldlega *law in history*. Hugtakið *determinism* getur falið í sér að sagan sé fyrirfram ákveðin af æðri máttarvöldum en það er ekki raunin um löghyggju nema að mjög takmörkuðu leyti.

skilgreiningar á lögmálum í raunvísindum hafa því talsverð áhrif á hugmyndir um löghyggju í sagnfræði.

Löghyggja felur í sér allt frá viðamiklum kerfum úr heimi vísindaheimspeki og þekkingafræði yfir í einfaldar staðhæfðingar. Í þessari ritgerð er leitast við að setja hugmyndir löghyggjunnar í samhengi við sögulega þróun frekar en að rýna í ólíkar skilgreiningar. Sú aðferð er talin henta betur til þess að varpa ljósi á hvers vegna löghyggja fór úr því að vera mikilvægur þáttur í aðferðafræði sagnfræðinnar í að vera nánast útlæg úr greininni. Vítt almennt sjónarhorn er einnig nauðsynlegt til þess að skýra hvort og hvers vegna löghyggja á erindi í sagnfræði 21. aldar.

## Raunhyggja og lögmál í sagnfræði

Ríkjandi hugmyndir um sögu og tíma eru tiltölulega nýjar. Á fyrri hluta miðalda var skynjun Evrópubúa á fortíðinni með öðrum hætti og hugmyndin um að samtíminn ætti rætur í fortíðinni var að líkindum framandi. Evrópubúar og reyndar flestir jarðarbúar á þeim tíma, studdust við goðsagnir, forlagatrú og æðri máttarvöld í leit sinni að kjölfestu. Trúabrögð buðu upp á einfaldar skýringar á tilurð veraldarinnar, sköpun og framgangi mannkynsins. Þessar skýringar höfðu meðal annars þann tilgang að setja líf samtímamanna í samhengi, réttlæta þrautagöngu mannsins og halda uppi aga meðal almennings. Verkefni fræðimanna þess tíma var að rýna í texta og tákni, setja fram hugmyndir um hvernig ferðalagi mannsins væri háttað og skilja hvar maðurinn væri staddur á sinni guðlegu vegferð.

Ágústínus kirkjufaðir (354-430) mótaði heildstæða mynd af veröldinni og þróun hennar þar sem guðleg forsjón var hreyfiaflið. Heimsmýnd Ágústínusar byggðist á baráttu góðs og illis, hins guðlega og djöfullega. Sagan var ekki verk manna heldur laut vilja Guðs. Atburðir gerðust ekki vegna frjáls vilja heldur var þeim stýrt af Guði handa mönnum. Atburðir, hlutir eða samfélög þess tíma voru ekki til í sjálfum sér heldur höfðu hlutverk í ætluverki Guðs. Sögunni var skipti í tímabil þar sem eitt tók við af öðru, hið góða og illa tókust á og höfðu yfirhöndina til skiptis en að lokum sigraði hið góða. Tilgangurinn var ekki að skýra sögulega framvindu, jafnvel þó hugmyndirnar hefðu upphaf og endalok, heldur frekar að leggja einstaklingum línurnar. Guðlegur máttur hafði beina íhlutun í hversdagslíf almennings og kraftaverk eða reiði guðs skýrðu veigameiri atburði.<sup>2</sup> Ef upp kom efi eða ágreiningur mátti ávallt leita sannleikans í Biblíunni eða í öðrum skjölum kirkjunnar sem hafði úrskurðarvald á flestum sviðum mannglegrar tilveru. Reyndar höfðu skjöl og heimildir ekki sömu merkingu og síðar. Heimildir voru ekki véfengdar enda var ekki hugmyndin með textagerð að leita skýringa á sögulegri þróun eða skapa þekkingu með öðrum hætti. Vel kann að vera að þessar hugmyndir kirkjunnar sem losuðu mannskepnuna að einhverju leyti undan ábyrgð á lífi sínu hafi á sama tíma svift hana sögulegri vitund, því vissulega höfðu fræðimenn á fyrri öldum, sérstaklega grískir og arabískir sagnaritarar, skrifað sagnfræðilegan texta og leitað orsaka fyrir hegðun náttúru og manna.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Sjá meðal annars Claus og Marriott, *History: An Introduction to Theory, Method and Practice*, bls. 68, Collingwood, *The Idea of History*, bls. 46-52 og Ingi Sigurðsson, „Sagnfræði og söguspeki“, bls. 42-43.

<sup>3</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 10-11.

## Endurreisn og upplýsing

Þegar líða tók á miðaldir urðu samfélagsbreytingar í Evrópu sem höfðu áhrif á viðhorf til sögu og heimilda. Vel er hægt að líta á þessar breytingar sem einhvers konar grundvöll þess þekkingarsamfélags sem við búum við í dag og að sami skapi sem byrjunarreit í sögu nútíma-sagnfræði. Samfélagsbreytingar síðmiðalda eru margþættar en fyrst má benda á þróun sem tengist aukinni þéttbýlismyndun. Með tilkomu borga, flóknari stjórnsýslu, breyttu lagaumhverfi, nýjum menntastofnunum, sérhæfingu vinnuaflds og auknum viðskiptum varð skjalanotkun almenn. Til varð aðstaða og tækni til þess að varðveita, skoða og vinna með skjöl. Líklegt er að aukin skjalanotkun hafi undirstrikað gildi heimilda og vakið upp sögulega vitund. Í öðru lagi kann að vera að átök innan kirkjunnar á þessum tíma hafi aukið vitund um sögulega þróun og gildi þekkingar. Átökin sem slík grófu undan ofurvaldi kirkjunnar en deilurnar leiddu einnig til aukinnar sögulegrar vitundar vegna þess að deiluaðilar þurftu að leita til fortíðar eftir heimildum til þess að réttlæta málstað sinn. Í þriðja lagi má gera ráð fyrir að tilkoma prenttækninnar hafi haft áhrif á heimildir, þekkingu og sögulega vitund. Allar forsendur til þess að afla, varðveita og miðla þekkingu breyttust eftir því sem prenttæknin varð ódýrari og útbreiddari. Að lokum má nefna að þegar leið á miðaldir jókst áhugi á fornöldinni. Fornaldargrúsk leiddi til þess að fram komu textar grískra heimspekinga sem voru fullir efasemda um veröldina. Fornaldaráhuga fylgdi endurreisn gamalla fræðigreina svo sem rökfræði og sagnfræði. Aukinn áhugi á fornöld hefur að líkindum átt þátt í að skapa aukna sögulega vitund. Ástæður ofangreindra breytinga sem allar má fella undir hugtakið endurreisn eru ekki þekktar að öllu leyti en ægivald trúarinnar minnkaði, fræðimenn fóru að leita þekkingar með nýjum hætti, sú þekking breiddist út með áður óþekktum hraða, afstaða til texta og heimilda breyttist og til varð ný, breytt og aukin söguleg vitund. Á sextánda öld má merkja skýrari tilfinningu fyrir sögulegri þróun í heimildum og fram komu orsakaskýringar sem rekja má annað en til æðri máttarvalda.<sup>4</sup> Sautjándi öldin bar með sér hugmyndir Keplers um gang himintunglanna, Newtons um þyndaraflið og aðra nýja þekkingu. Aðferða- og þekkingafræði sem enn er notast við í vísindum ruddi sér til rúms – raunhyggjan var að verða til.

---

<sup>4</sup> Sjá meðal annars í *A History of World Societies*, bls. 368-372, Moore, *The First European Revolution*, bls. 30-39, og Davies, *Empiricism and History*, bls. 10-20.



Söguleg vitund og umfjöllun um söguleg efni þróuðust áfram samhliða auknum áhuga á vísindum, þekkingu og menntun. Tæknibylting varð í útgáfu og dreifingu á bókum og blöðum. Lestur varð almennari og lestrarefni fjölbreyttara. Á tímum Upplýsingarinnar óx áhugi á söfnun hverskonar þekkingar og útgáfu á uppfletti- og yfirlitsritum. Víða um Evrópu var safnað saman og gefið út efni með tilvísunum til frumheimilda. Þessi upplýsingasöfnun hefur reynst síðari tíma sagnfræðingum verðmæt en efnið var mikið að vöxtum og hafði ef til vill takmarkað skýringargildi.<sup>5</sup> Samhliða eflist sagnaritun sem var af allt öðru tagi, sagði stórar sögur en studdist við takmarkaðar heimildir. Kveikjan að þessum skrifum var aukin sjálfsvitund Evrópubúa, vaxandi áhugi á nýlendum og framandi menningarheimum í kjölfar landafunda og aukinnar heimsverslunar. Evrópubúar litu á sig sem miðpunkt siðmenningarinnar, vildu skrásetja landvinninga og leyfa þeim sem heima sátu að kynnast frumstæðum þjóðum heimsbyggðarinnar. Smátt og smátt runnu fróðleikssöfnun og yfirlitssaga saman og mynduðu frásagnir í líkingu við það sem við köllum sagnfræði í dag.

Þekking og vilji var til staðar til þess að skapa vandaða sagnfræði en ennþá voru ljón í veginum. Aðgengi að frumheimildum var takmarkað vegna þess að víða var litið á slíkar heimildir sem viðkvæm valdaskjöl og aðgangur ekki heimilaður. Þær heimildir sem voru aðgengilegar fengu tæplega nægilega gagnrýni og vafasöm skjöl voru oft tekin góð og gild. Kennsla í fræðigreininni var takmörkuð og lítill formlegur vettvangur var til staðar til þess að þroska sagnfræðina sem fræðigrein.<sup>6</sup> Það var ekki fyrr en í byrjun nítjándu aldar sem sagnfræðin eins og við þekkjum hana í dag fór að taka á sig mynd.

## Þýska háskólasagnfræðin

Nítjándi öldin var bernskutími hugmynda um frjálslýndi (*e: liberalism*), jafnaðarmennsku (*e: socialism*) og þjóðfrelsi (*e: nationalism*). Tími framfara var runninn upp, iðnbyltingin hafði breitt úr sér í Evrópu, þéttbýli var hvarvetna í mótun, almenningur trúði á framfarir og tími þjóðríkisins var genginn í garð. Í Þýskalandi tókust þessar nýju hugmyndir á við gamalt valdakerfi keisara og aðals sem hafði staðið af sér áhlaup og byltingar.<sup>7</sup> Þrátt fyrir blástur þessara nýju vinda var Þýskaland ekki vettvangur mikillar

---

<sup>5</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 20, A History of World Societies, bls. 500-506.

<sup>6</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 18-25.

<sup>7</sup> Hér er notað þjóðarheitið Þýskalands þó þýska ríkið hafi ekki orðið til formlega fyrr en 1871.

Lýðræðisþróunar heldur var sterkt ríkisvald einkenni þeirra breytinga sem þar urðu undir forystu Otto von Bismarck (1815-1898). Stjórnvöld voru öguð og framkvæmdasöm og meðal verkefna ríkisvaldsins á fyrri hluta nítjándu aldar voru miklar umbætur í háskólum landsins. Árið 1825 var sagnfræðingurinn Leopold van Ranke ráðinn til starfa við háskólann í Berlín. Ný vinnubrögð sem mörkuðu tímamóti í sögu sagnfræðinnar eru gjarnan eignuð honum þó einnig megi líta á þær breytingar sem hluta af almennu þróunarferli.<sup>8</sup> Ranke lagði áherslu á að ítarleg og vönduð heimildarvinna væri grundvöllur allrar sagnfræði. Hann benti á að jafnvel frumheimildum væri ekki treystandi, rannsakandinn þyrfti að leita af sér allan grunn og bera saman heimildir til þess að komast að sannleikanum. Hann lagði áherslu á að sagnfræðingurinn þyrfti að skilja eðli heimildanna og flokka þær eftir gæðum og trúverðugleika. Hann ætti að nálgast hlutverk sitt með að markmiði að skýra fortíðina eins og hún var, segja frá því sem gerðist í raun og veru (*p: wie es eigentlich gewesen*) en varast að leggja eigin dóm á fortíðina eða framvindu sögunnar. Heimildirnar voru grunnurinn, frásögnin byggðist á heimildunum, sagnfræðingurinn skrifaði um raunveruleikann á vísindalegan en alþýðlegan máta. Þannig varð sagnfræðin vísindaleg fræðigrein en á sama tíma gagnleg almenningi til mennta og þroska.<sup>9</sup>

Í hugmyndum Rankes felst sú afstaða að sagan sé til staðar fyrir utan hugarheim sagnfræðingsins og með því að einangra skoðun sína á sögunni frá persónulegum skoðunum og reynsluheimi geti sagnfræðingurinn komist að hinni einu sönnu niðurstöðu um fortíðana og sett hana fram af nákvæmni.<sup>10</sup> Staðreyndir koma á undan tilgátum eða hugmyndum um sögulega framvindu. Verkefni sagnfræðingsins var ekki að finna staðreyndir til stuðnings tilteknum tilgátum heldur að byggja tilgátur á fyrirbyggjandi staðreyndum.<sup>11</sup>

Sagnfræðingar sem aðhylltust hugmyndir Rankes fjölluðu yfirleitt um stjórnmál, trúmál, utanríkismál og samskipti ríkja þar sem sterkir einstaklingar af karlkyni voru gerendur.

---

<sup>8</sup> Marwick, *The New Nature of History: Knowledge, Evidence, Language*, bls. 61-67. Marwick fjallar hér meðal annars um áhrif Danans Barthold Georg Niebuhr (1776-1831) á störf og hugmyndir Ranke.

<sup>9</sup> Sjá meðal annars Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 34-38, Davies, *Empiricism and History*, bls. 27-34, Day, *The Philosophy of History*, bls. 5-9 og Paul, „Distance and Self-Distanciation: Intellectual Virtue and Historical Method Around 1900“, bls. 104-110 og Marwick, *The New Nature of History: Knowledge, Evidence, Language*, bls. 61-67.

<sup>10</sup> Green, *Cultural History*, bls. 11.

<sup>11</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 30-31.

Verkefnið voru einsleit, heimildarnar voru einsleitar og niðurstöðurnar þjónuðu ríkisvaldinu og vaxandi þjóðernishyggju. Það er auðvelt að sjá fyrir sér ósættanlegar mótsagnir í ígrundaðri heimildarvinnu þar sem hvers konar inngríp og túlkum heimilda var illa séð og hins vegar þjónustu við ríkisvald og þjóðernishugmyndir. Þá er rétt að hafa í huga að sagnfræðingar sem aðhylltust hugmyndir Ranke töldu að sagan gegndi pólitísku og menningarlegu hlutverki, starf sagnfræðingsins væri að sýna fram á gildi trúar, stofnana og ríkisvalds. Sagnfræðingurinn væri þannig með heimildarvinnu sinni að lýsa raunveruleikanum, samfélagsmynstri sem væri æskilegt, óumbreytanlegt og guði þóknanlegt.<sup>12</sup>

Aðstæður í Þýskalandi fyrir hugmyndir sem þessar voru ákjósanlegar. Stofnanavæðing gerði að verkum að skjalasöfnun varð kerfisbundin og aðgengi að heimildum jókst. Á sama tíma var unnið að úrbótum í þýskum háskólum, kennsla í sagnfræði á háskólastigi batnaði, sagnfræðinemendum fjölgaði og háskólasamfélagið varð öflugra sem stuðlaði að útbreiðslu hugmynda og betri starfsaðstæðum fyrir sagnfræðinga. Með aukinni eftirspurn eftir frumheimildum jókst útgáfa á slíku efni, tímaritum um sagnfræðileg málefni fjölgaði og kennsluáferðir við háskóla tóku í vaxandi mæli mið af hugmyndum Ranke. Sagnfræðin varð grein sérfræðinga sem stunduð var með ígrunduðum aðferðum í háskólum. Sagnfræðingar velktust ekki í vafa um að störf þeirra teldust til vísinda. Hugmyndir og vinnuáferðir Ranke breiddust út um Evrópu þegar líða tók á nítjándu öld og höfðu mikil áhrif á vinnuumhverfi og störf sagnfræðinga. Þau viðhorf sem Ranke kynnti til sögunnar gagnvart heimildum og afstöðu sagnfræðinga til heimilda sinna höfðu áhrif á vinnubrögð innan fræðigreinarinnar langt fram á tuttugustu öld og gera enn.

## Pósítívismi

Í þessu umhverfi varð til önnur sagnfræðileg hugmyndastefna sem kennd hefur verið við pósítívisma. Þessi stefna á rætur í vísindahyggju sautjándu og átjándu aldar og er einkum kennd við Auguste Comte (1798-1857). Hann setti fram meginhugmyndir sínar í ritröðinni *Cours de philosophie positive* sem kom út í sex bindum á árunum 1830-1842. Í hugmyndum pósítívismans er lögð áhersla á að þekkingfræði náttúruvísindanna sé í raun eina áreiðanlega uppspretta þekkingar og að á grundvelli hennar sé hægt að byggja lögmál sem séu algild. Sagnfræðingar sem aðhylltustu pósítívisma töldu að vel mætti rannsaka

---

<sup>12</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 36.

söguna og komast að algildum lögmálum sem hefðu sömu þekkingarfræðilega stöðu og lögmál raunvísindanna. Lögmál sagnfræðinnar væri hægt að nota til orsakaskýringa og til þess að draga ályktanir um þróun sögunnar til framtíðar. Einkenni póstívismans breyttust þegar leið á nítjándu öld og áhrif hans minnkuðu.<sup>13</sup> Þegar leið á tuttugustu öldina hvarf póstívisminn enn frekar í skuggann en tilhneiging sagnfræðinga til þess að leita lögmálsskýringa í sagnfræði hélt áfram. Reyndar eru óskýr landamæri póstívisma nítjándu aldar og nýrra hugmynd um löghyggju tuttugustu aldar enda lítil ástæða til þess að draga þar skýr mörk. Guðmundur Jónsson fjallar um þessar tvær hugmyndastefnur sagnfræðinnar, póstívismann og Ranke-skólann, sem báðar áttu sitt blómaskeið á nítjándu öld. Hann telur þær hafa runnið að einhverju leyti saman þegar leið á tuttugustu öld og sameiginlega myndað heimspekilegan grunn þeirrar sagnfræði sem stunduð var í byrjun tuttugustu aldar. Sú heimspeki grundvallist á þremur þáttum, að hægt sé að komast að hlutlægum sannleika um fortíðina, að á grundvelli þess sannleika leitist sagnfræðingar við að móta frásagnir úr heimildarbrotum og að fræðimaðurinn sjálfur standi utan frásagnarinnar sem sé hlutlæg og óháð gildismati sagnfræðingsins. Þannig sé sagnfræðingurinn sjálfur utan sögunnar, hlutlaus fræðimaður sem rannsakar og metur heimildir til þess að setja fram sanna frásögn af fortíðinni<sup>14</sup>

## Félags- og hagsaga

Undir lok nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu áttu hugmyndir póstívismans og Ranke-skólans undir högg að sækja. Örar breytingar áttu sér stað í vísindum og fræðum og nýjar greinar í félagsvísindum urðu til svo sem félagsfræði og hagfræði sem að hluta fjölluðu um söguleg viðfangsefni. Gagnrýni á aðferðafræði sagnfræðinnar fór vaxandi og sumir fræðimenn efuðust jafnvel um að hefðbundin sagnfræði í háskólum ætti erindi í iðnaðarsamfélögum samtímans.<sup>15</sup> Gagnrýnin tók á sig ólíkar myndir en meðal þess sem fræðimenn gerðu athugasemdir við var einsleitt val á viðfangsefnum. Áhersla sagnfræðinga á ríkisvaldið sem miðpunkt sagnfræðinnar fékk líka sinn skerf af gagnrýni og þá sérstaklega hvernig fræðigreinin var grímulaust beitt sem tæki í höndum stjórnvalda. Frásagnaraðferð sagnfræðinnar, einfaldar tímalínur sem voru drifnar áfram

<sup>13</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 36-37 og Berry, „The Laws of History“, bls. 165-166, Lloyd, „History and the Social Sciences“, bls. 89-92

<sup>14</sup> Guðmundur Jónsson, „Sagan og sannleikurinn“, bls. 111-114.

<sup>15</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 55.

af atburðum, einstaklingum og gjörðum þeirra þóttu ekki lengur fræðilega trúverðug. Einangrun fræðigreinarinnar gagnvart öðrum greinum var einnig gagnrýnd.<sup>16</sup> Nýtt efnahagskerfi sem byggðist á iðnvæðingu og sérhæfingu var að slíta barnsskónum í flestum löndum hins vestræna heims. Til þess að skilja vandamál og tækifæri sem fylgdu nýrri samfélagsskipan þurfti að skoða söguna frá nýjum sjónarhornum.

Meðal bandarískra sagnfræðinga kom félags- og hagsaga fram undir heitinu Nýja sagnfræðin (e: *progressive history*). Þeir töldu að hefðbundin stjórnmalasaga nægði ekki til skýringa í nýju innflytjendasamfélagi Bandaríkjanna sem væri löngu skilið við sögu Evrópu og leituðu því fanga í félags- og hagsögu. Með nýjar hugmyndir að vopni tóku bandarískir sagnfræðingar til við að skýra sögu þess nútímalega fjölmenningsarsamfélags sem var að byggjast upp í Bandaríkjunum þar sem stjórnála- og stofnanamenning var í grundvallaratriðum ólík því sem var í gamla heiminum.<sup>17</sup> Breytingar í þessa veru áttu sér einnig stað í Evrópu. Árið 1928 hófst útgáfa á tímaritinu *Annales. Histoire, Sciences, Sociales*<sup>18</sup> í Frakklandi. Þetta tímarit og sagnfræðingarnir sem að því stóðu, sem gjarnan er vísað til sem annálunga, áttu eftir að hafa mikil áhrif á sagnfræðiiðkun næstu áratugi. Í umræðu um þennan hóp er gjarnan rætt um fjögur tímabila þar sem ólíkar kynslóðir sagnfræðinga komu við sögu. Þeir sagnfræðingar sem tilheyra fyrsta kynslóð og þó sérstaklega annarri kynslóð annálunga eru að mörgu leyti táknrænir fyrir aukinn áhuga á félags- og hagsögu. Sem dæmi um verk þeirra á því sviði má nefna viðamikla rannsókn á landbúnaðarsögu Frakklands og bók sem Fernand Braudel (1902 – 1985) ritaði um hagsögu Frakklands ásamt hagsögufræðingnum Ernest Labrousse. Í þeirri bók beinir hann athygli að endurteknum hringferlum sem stjórnðu hagrænni stafsemi um áratugi og aldir.<sup>19</sup>

Með auknum áhuga á sögu samfélags- og efnahagsmála fóru sagnfræðingar að tileinka sér aðferðafræði félags- og hagfræði og beina sjónum að megindegum rannsókaráferðum, stórum talnasöfnum og úrvinnslu þeirra. Verkefni voru margbreytileg, í stjórnmalasögu var kosningahegðun skoðuðu og tengd öðrum félags- og samfélagsþáttum. Farið var að skoða lýðfræðileg gögn svo sem gögn úr manntölum og

---

<sup>16</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 43–44.

<sup>17</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 55–57

<sup>18</sup> Annálahreyingin í Frakklandi hefur ákveðna sérstöðu innan sagnfræðinnar. Hreyfingin hófst í Frakklandi árið 1929, stofnendur er Lucien Febvres og Marc Blochs. Hægt er að rekja samfellt starf hreyfingarinnar í átta áratugi en á því tímabili koma við sögu ólíkir einstaklingar og ólíkar hugmyndir.

<sup>19</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 72

kirkjubókum þar sem leitað var upplýsinga um fjölskyldugerð, fæðingar, giftingar, dauðsföll og fleira. Heil fræðigreinin sem fjallaði um meðhöndlun, úrvinnslu og túlkun slíkra gagna varð til – söguleg lýðfræði. Risavöxnum verkefnum var hleypt af stokkunum þar sem markmiðið var að gera tölfræðigreiningu á manntölum, kirkjubókum eða öðrum gögnum fyrir heil samfélög. Efnahagsleg gögn voru skoðuð í þaula með aðstoð tölutækninnar og ákøfust varð notkun á meginlegum aðferðum í hagsögu. Þessi áhugi átti sér fá landamæri, í Frakklandi höfðu annálungar áhuga á gagnavinnslu og tölfræðigreiningu. Með því að nýta mikið magn upplýsinga reyndu þeir að skrifa nokkurs konar alsögu (*f: histoire totale*) tiltekins svæðis.<sup>20</sup> Tæknilegust varð sagnfræðin í nýju hagsögunni sem dafnaði aðallega í Bandaríkjunum en í slíkum verkefnum tókust sagnfræðingar á við mikið magn tölulegra heimilda og fjölluðu um hagsöguleg málefni út frá tölfræðigögnum svo sem við rannsóknir á efnahagslegum áhrifum útbreiðslu járnbrautanna í Bandaríkjunum og fjárhagslega arðsemi þrælahaalds.<sup>21</sup> Áhuginn á meginlegum rannsóknum, tölfræðigögnum, greiningu á slíkum gögnum og ályktanir sem byggðust á gögnum af því tagi urðu á tímabili að meginmáli í sagnfræðiiðkun. Tölutæknin gerði þessar rannsóknir árennilegar og um tíma töldu virtir sagnfræðingar að framtíð greinarinnar fælist í því að greina tölur og leita að mælanlegum breytingum í sögunni. Franski annálungurinn Emmanuel Le Roy Ladurie lét þau orð falla árið 1973 „*að sagnfræði sem ekki er mælanleg getur ekki gert tilkall til þess að teljast vísindaleg.*“<sup>22</sup> Tæknivæðing og iðnþróun nítjándu og tuttugustu aldar hafði ekki aðeins bjartar hliðar heldur fylgdu félagsleg vandamál. Með iðnbyltingunni varð til ný stétt verkafólks sem hafði enga aðkomu að framleiðslutækjunum heldur seldu vinnu sína eins og hverja aðra vöru. Oft á tíðum hallaði á verkafólk í þeim viðskiptum. Hugmyndir marxismans spruttu úr þeim jarðvegi. Sú hugmyndafræði var í grunninn stjórnmálahugmynd eða lífsskoðun og tengist viðfangsefnum sagnfræðinnar ekki nema að takmörkuðu leyti. Ein leið til útskýringar á marxisma er að líta hann sem kenningu um skiptingu efnislegra gæða. Marxismi gerir ráð fyrir að einstaklingar hugsu í ríkum mæli um efnahagslega stöðu sína og skipist í hópa á þeim forsendum - í ólíkar stéttir. Efnislegar þarfir skipta höfuðmáli og markmiðið er að uppfylla þær þarfir. Einstaklingurinn er í raun fangi þeirra aðstæðna eða

---

<sup>20</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 73

<sup>21</sup> Vísað er til bókar Robert Fogels og Douglass Norths, *Railroads and American Economic Growth* og bókar Robert Fogels og Stanley Engermans *Time on the Cross*.

<sup>22</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 58

þeirrar stéttar sem hann tilheyrir, hann skiptir takmörkuðu máli heldur er sagan drifin áfram af baráttu stéttanna fyrir hagsmunum sínum. Aðrir þættir samfélagsins svo sem hugmyndafræði, menning og listir hafa takmarkaðan tilgang heldur eru ein birtingamynd stéttaskiptingar.<sup>23</sup>

Framan af tuttugustu öld takmarkaðist áhuginn á marxískri sagnfræði að mestu við Sovétríkin og Austur Evrópu auk þess sem fylgismenn kommúnisma á Vesturlöndum aðhylltustu hugmyndir Marx. Þegar leið á tuttugustu öld urðu áhrif marxismans á störf sagnfræðinga meiri og að nokkru óháð stjórn málaafstöðu. Eftir því sem tímar liðu og túlkanir á ritum Marx urðu fjölbreyttari varð hópur þeirra sagnfræðinga sem iðkuðu fræðin einnig fjölbreyttari. Áhrif marxisma á störf sagnfræðinga voru mikil. Á síðari hluta tuttugustu aldar skrifuðu margir af leiðandi sagnfræðingum Vesturlanda sagnfræði frá sjónarhóli marxismans auk þess sem hugmyndir Marx höfðu áhrif á umfjöllunarefni og afstöðu sagnfræðinga til viðfangsefna sinna.<sup>24</sup> Marxísk sagnfræði var á síðari hluta tuttugustu aldar samofin félags- og hagsögu og hugsanlega ein af aðalástæðum vinsælda þeirra greina sagnfræðinnar á tuttugustu öld.

Hér hefur verið lýst þeim aðstæðum sem raunhyggja spratt úr og helstu þáttum í þróun hennar með tilliti til sagnfræðinnar. Raunhyggju má rekja til miðalda en með vinnubrögðum hennar var leitast við að sporna við trú á forlög, goðsagnir og ofurvaldi kirkjunnar og skapa þannig þekkingu sem var byggð á reynslu og skoðun. Þessi vegferð tók sagnfræðina aldir en þegar komið var fram á tuttugustu öld má segja að raunhyggja hafi verið ráðandi í skrifum sagnfræðinga. Með því að beita aðferðum hennar var safnað fræðilegri þekkingu sem byggð var á áreiðanlegum heimildum. Vissulega var mikill munur á vinnubrögðum sagnfræðinga sem fengust við sögu stjórn mála leiðtoga á nítjándu öld og þeirra sem stýrðu viðamiklum tölfræðigreiningum á sviði sagnfræðirannsókna á tuttugustu öld en meginstef í hugmyndum beggja var að heimildirnar töluðu sínu máli.

## Löghyggja

Líta má á löghyggju sem grein af meiði raunhyggjunnar. Það er þó langt í frá að allir sagnfræðingar sem unnu í anda raunhyggjunnar aðhylltust löghyggju og þeir sagnfræðingar sem voru hallir undir þær hugmyndir höfðu ólíkar skoðanir á því hvernig

---

<sup>23</sup> Tosh, *The Pursuit of History*, bls. 187-202

<sup>24</sup> Tosh, *The Pursuit of History*, bls. 187-202

lögmálum sögunnar væri háttað. Löghyggja var meginstef í hugmyndafræði póstívista og aldrei langt undan í vinnu sagnfræðinga sem stunduðu félags- og hagsögu. Þær komu með einum eða öðrum hætti fram í kenningum Braudel um löng tímabil sögunnar, nýju hagsögunni, marxískri söguritun, viðhorfum til meginlegrar aðferðafræði við úrvinnslu tölfræðigagna og almennt í tengslum við notkun á tölfræði í sagnfræði.<sup>25</sup> Löghyggja birtist með ólíkum hætti í sagnfræðinni, allt frá stórfrásögnum (*e: grand narrative*) sem höfðu áhrif á líf almennings um aldir til einfaldra staðhæfinga sem taka til afmarkaðra sögulegra viðfangsefna.<sup>26</sup>

Helsti talsmaður löghyggju í sagnfræði á tuttugustu öld var Carl Gustav Hempel (1905 – 1997). Hempel var þýskur vísindaheimspekingur sem starfaði lengstan hluta starfsævi sinnar í Bandaríkjunum. Hugmyndir sínar setti hann meðal annars fram í greininni *The Function of General Laws in History* sem birtist í tímaritinu *Journal of Philosophy* 1942. Í upphafi greinarinnar segir hann: „Það er frekar almenn skoðun að sagnfræði, ólíkt raunvísindum, fáist við lýsingu á tilteknum viðburðum sögunnar frekar en leit að almennum lögmálum sem skýra gang sögunnar.“<sup>27</sup> Af þeim orðum má merkja að löghyggja hafi ekki verið meginstef í sagnfræði um miðbik aldarinnar.

Sagnfræðileg lögmál í skilningi Hempel eiga fátt sameiginlegt með náttúrulegum lögmálum eða þeim lögmálum sem vísað er til í póstívisma. Hempel lagði fram ákveðinn hugmyndaramma sem upphaflega var hugsaður með tilliti til náttúruvísinda en aðlagður og notaður í sagnfræði. Vísað er til þessa ramma sem „The Covering-Law Model“ eða „The Hempel-Oppenheim Scheme“.<sup>28</sup> Hugmyndaramminn byggir á því að hægt sé skýra sögulega atburði á kerfisbundinn hátt með almennum lögmálum og afleiðslum. Með sama hætti sé hægt að spá fyrir um hegðun sögulegrar framvindu til framtíðar í einhverjum tilvikum.

---

<sup>25</sup> Leuridan og Froeyman, „On Lawfulness in History and Historiography“, bls. 173.

<sup>26</sup> Í þessari ritgerð er notast við hugtökin stórfrásögn fyrir hugtakið „grand narrative“ en stórsaga fyrir hugtakið „big history“. Höfundur þykir þessi hugtakanotkun skýrari þó hún sé ekki í fullu samræmi við hefðir innan sagnfræðinnar.

<sup>27</sup> „It is a rather widely held opinion that history, in contradistinction to the so-called physical sciences, is concerned with the description of particular events of the past rather than with the search for general laws which might govern those events.“ Hempel, Carl G., „The Function of General Laws in History“, *Journal of Philosophy* (1942), bls. 35

<sup>28</sup> Berry, „The Laws of History“, bls. 165.



Hempel skilgreindi lögmál í sagnfræði sem „*yfirlýsing í almennu formi sem hægt er að staðfesta með viðeigandi heimildum*“.<sup>29</sup> Lögmálsáhrifin felast í því að tiltekinn atburður sem gerist við skilgreindar aðstæður leiðir til annars atburðar þar sem fyrri atburðurinn er yfirleitt orsök en sá síðari afleiðing. Hægt er að skýra sögulega atburði með lögmálum með því að skilgreina einn eða fleiri atburði sem eru studdir viðeigandi heimildum og rekja þá sem orsök atburðar sem telst afleiðing þeirra fyrri. Við slíkar skýringar þurfa að liggja fyrir ákvarðandi aðstæður (*e: determining conditions*) atburðanna og lögmálið sem útskýringin er byggð á.<sup>30</sup>

Hugmyndir Hempel um lögmál voru áberandi um miðja síðustu öld. Sporgöngumenn hans endurbættu skilgreiningar hans eða lögðu fram nýjar, en meginhugmyndin var að sagnfræðilögmál væru fullgild lögmál sem hægt væri að nota til söguskýringa þrátt fyrir að þau uppfylltu ekki þær kröfur sem almennt voru gerðar til náttúrulögmála. Sem dæmi um slíka sporgöngumenn er Stephan Berry. Berry er þýskur efnafræðingur, rithöfundur og áhugamaður um sagnfræði. Hann ræðir um tvær ólíkar tegundir sagnfræðilögmála – annars vegar „nú tímaleg lögmál í sagnfræði sem vísa til endurtekinna lögbundinna sögulegra ferla sem verða til sem afleiðing af samhverfum“. Hins vegar lögmál sem vísa til einhvers konar ytri krafta sem hafa áhrif á sögulega þróun og beina henni í tilteknar áttir.<sup>31</sup>

Kenningar um lögmál í sögunni eru ólíkar og sama má segja um lögmálin sjálf. Hugsanlega má greina slík lögmál í þrjá flokka eftir umfangi, í fysta lagi stórfrásagnir, í öðru lagi frásagnir sem lýsa afmörkuðum kerfum eða ferlum og í þriðja lagi einstaka staðhæfingar um sögulega þróun. Stórfrásagnir hafa áhrif langt út fyrir ramma sagnfræði, þær eru ekki lögmál í sjálfum sér en fela í sér og byggjast á lögmálsskýringum. Stórfrásagnir eru nánast hluti af lífsviðhorfi þeirra sem þær aðhyllast. Nývæðingarkenningin er dæmi um stórfrásögn sem hefur haft mikil áhrif á viðhorf sagnfræðinga á tuttugustu öld. Á undanförunum öldum hafa orðið framfarir á ýmsum sviðum. Áður hefur verið fjallað um breytt viðhorf til þekkingar, aukna menntun, vísindi

---

<sup>29</sup> “a statement of universal conditional form which is capable of being confirmed by suitable empirical findings“ Hempel, Carl G., „The Function of General Laws in History“, *Journal of Philosophy* (1942), bls. 35

<sup>30</sup> Hempel, Carl G., „The Function of General Laws in History“, *Journal of Philosophy* (1942), 35-37

<sup>31</sup> „a concepts of laws in history that would be acceptable by modern standards refers to recurrent, law-like features of historical processes which emerge as a consequence of symmetries“ Berry, „The Laws of History“, bls. 164.

og rannsóknir. Iðnbylting breytti framleiðsluháttum, efnahagsleg skilyrði bötnuðu og velmegun jókst meðal vestrænna þjóða. Almennur öðlaðist meiri réttindi, heilsufar batnaði og velferð jókst. Það er óhætt að segja að á sumum mælikvörðum hafi heimurinn tekið framförum allt fram á þennan dag, þrátt fyrir stöku bakslag. Þetta langa tímabil framfara hefur orðið mörgum tilefni til að líta á bætt lífsskilyrði um allan heim sem lögmál. Hreyfiafl þessarar þróunar væri aukin þekking, tæknivæðing, lýðræði og frjáls viðskipti. Nývæðing gerir ráð fyrir að þau ríki sem lengst eru komin á braut framfara muni draga með sér þau sem aftar eru og þannig muni öll heimsbyggðin njóta bættra lífskjara. Talsmenn þessara kenninga fengu byr í seglin við fall Sovétríkjanna, efnahagslega breytingar í Kína og nokkrum öðrum ríkjum Asíu og Suður-Ameríku. Einn þekktasti vitnisburður þessara hugmynda er grein eftir bandaríska stjórnmálafræðinginn Francis Fukuyama sem birtist í tímaritinu *The National Interest* árið 1989. Fukuyama fjallar um endalok sögunnar í þeim skilningi að vestrænt lýðræði hafi náð yfirhöndinni og sé líklegt til þess að verða ofan á í baráttu hugmyndanna. Hann dregur fram sem vitnisburð endalok fasisma í Þýskalandi, Japan og víðar um heiminn, hnignun kommúnisma og samtímabreytingar í Sovétríkjunum og Kína. Fukuyama bendir einnig á útbreiðslu vestrænnar menningar um allan heim og vaxandi neyslumenningu máli sínu til stuðnings. Minni ágreiningur um meginhugmyndir og útbreiðsla vestrænna gilda og menningar á heimsvísu mun minnka líkur á átökum í heiminum, í þeim skilningi megi líta svo á að sögunni sé lokið segir Fukuyama.<sup>32</sup>

Önnur stórfrásögn sem hafði mikil áhrif á skrif sagnfræðinga á tuttugustu öld var söguleg efnishyggja marxismans. Í stuttu máli ganga þær hugmyndir út frá því að söguleg þróun fylgi lögmálsferlum og hreyfiafl þeirrar þróunar sé efnahagsleg barátta ólíkra þjóðfélagshópa eða stétta. Barátta ólíkra hópa leiðir af sér umbyltingu af einhverju tagi. Þannig þróast samfélög í tíma frá einu stigi til annars. Hreyfiaflið er fyrst og fremst efnahagslegt en einnig koma við sögu stjórnmálalegir og menningalegir þættir. Marx gerir ráð fyrir að í þessari þróun sé tiltekið lokastig þar sem framleiðslutækin eru í höndum alþýðunnar og almenn velmegun sé ríkjandi. Meðal áfanga á vegferð sögulegrar efnishyggju eru átök frá þrælhaldi til lénsskipulags, frá lénsveldi til kapitalisma og frá kapitalisma til kommúnisma. Söguleg efnishyggja marxismans er stórfrásögn sem byggir

---

<sup>32</sup> Vef. Fukuyama, *The end of History?* Grein Fukuyama vakti mikla athygli og síðar (1992) kom út bók eftir hann með sama nafni.

á lögmálum um gang sögunnar þó túlkendur séu ekki sammála um hvort sú sögulega framvinda sem Marx sá fyrir sé ófrávíkjanleg eða fræðileg tilgáta.<sup>33</sup>

Annar flokkur löghyggjufrásagna lýsir afmörkuðum kerfum eða ferlum. Slíkar frásagnir eru ekki síður áhugaverðar en ná ekki sömu útbreiðslu og áhrifum og stórfrásagnir. Sem dæmi um frásagnir af afmörkuðum kerfum má nefna hugmyndir Spengler og Toynbee sem báðar fjalla um þróun sögunnar eftir lögmálsbundnum ferlum. Oswald Spengler (1880 – 1936) er þekktur fyrir verk sitt *The Decline of the West* sem kom út sumarið 1918. Hann gagnrýndi línulega sýn sagnfræðinnar og kynnti til sögunnar ferla sem byggðust á menningarlegum eigindum og þróuðust í hring eða með stöðugum endurtekningum. Hann skipti sögunni í nokkur tímabil sem hvert um sig tók um eitt þúsund ár. Hann fjallaði um átta ólík menningarsamfélög í Indlandi, Babýlon, Egyptalandi, Kína, Suður-Ameríku, Suður-Evrópu (Grikkland og Róm) og Evrópu. Þessi menningarsamfélög risu og hnigu í samræmi við tiltekna hringferla. Meðal þess sem dró mátt úr samfélagnum var þéttbýlismyndun, auðsöfnun og óhóf. Þróun á einu stigi átti samsvörun á öðru stigi – því var um dæmigerðar löghyggjuhugmyndir að ræða, hægt var að skýra sögulega atburði út frá hugmyndum Spenglers og jafnframt að sjá fyrir ókomna framtíð. Samkvæmt hugmyndum hans var evrópsk menning stödd um miðbik þróunar á leið til glötunar.<sup>34</sup> Sagnfræðingurinn Arnold Toynbee (1889 – 1975) gaf út 12 binda verk sitt *A Study of History* á árunum 1934 til 1961. Verk Toynbee voru undir áhrifum frá skrifum Springlers. Líkt og Springler fjallaði Toynbee um þróun menningarsamfélaga. Hann skilgreindi 19 slík samfélög og þróun þeirra frá einu stigi til annars. Stigin kenndi hann við uppruna (*e: genesis*), vöxt (*e: growth*), vandamála (*e: time of troubles*), almenn skeið (*e: universal state*) og að lokum upplausn (*e: disintegration*). Söguleg þróun í hugmyndum Toynbee var knúin áfram af samskiptum og árekstrum menningarsamfélaga. Ólíkt Spengler taldi Toynbee að mannkynið hefði örlögin í eigin höndum og að hnignun samfélaga mætti rekja til mannlegra veikleika og menningarlegra þátta frekar en fyrirfram ákveðinna örlaga.<sup>35</sup> Hugmyndir Springlers og Toynbee beindust að tilteknum afmörkuðum kerfum og þróun þeirra.

---

<sup>33</sup> Sjá meðal annars Burke, *History & Social Theory*, bls. 141-144 og Tosh, *The Pursuit of History*, bls. 187-202

<sup>34</sup> Vef. Stimley, Keith, Oswald Spengler: An Introduction to his Life and Ideas.

<sup>35</sup> Vef. Mooy, Kay A. Toynbee: A Telescopic World Historian.

Sagnfræðileg lögmál þurfa ekki að byggjast á flóknnum kerfum heldur geta þau falið í sér einfaldar staðhæfingar eins og „*flókin samfélög verða til í tempruðu loftslagi frekar en hitabeltisloftslagi*“ eða „*blöndun ólíkra kynstofna er hættulegt fyrir siðmenninguna*“<sup>36</sup> Í því sambandi er áhugavert að skoða sem dæmi þekktu bók Paul Kennedy, *The Rise and Fall of Great Powers* sem gefir var út árið 1987. Í lok bókar sinnar fjallar Kennedy um framtíðina og nýtir við þau skrif meðal annars lögmál úr sagnfræði og öðrum fræðigreinum. Hann segir að til staðar séu kraftar (*e: dynamic for change*) sem einkum eru drifnir áfram af efnahagslegri og tæknilegri þróun sem hafi áhrif á félagslega ferla, pólitísk kerfi og hernaðarmátt sem aftur hafi áhrif á stöðu ríkja og heimsvelda. Jafnframt að ójöfn þróun þessara þátta hjá einstökum ríkjum hafi mikil áhrif á völd og valdajafnvægi í heiminum.<sup>37</sup> Hann notar þetta lögmál til að spá fyrir um stöðu heimsveldanna til framtíðar. Mikilvægur þáttur í þessu orsakasamhengi er sívaxandi kostnaður við hervæðingu sem Kennedy kallar „*lögmálið um stöðugt vaxandi kostnað við styrjaldir*“<sup>38</sup> Þetta lögmál geri það að verkum að ríkjum sé lífsnauðsynlegt að njóta efnahagslegrar hagsældar ætli þau að láta til sín taka á alþjóðavettvangi. Ríki sem búa við góðan efnahag geti byggt upp hernaðarstyrk á meðan ríki sem eigi við efnahagslega örðuleika að stríða svo sem Bretland, á þeim tíma sem bókin er skrifuð, búi við dvínandi hernaðarmátt og minnkandi völd í alþjóðasamfélaginu.<sup>39</sup> Kennedy notar einnig hagsöguleg lögmál til skýringa. Hann fjallar um og skýrir samfélagsbreytingar með lögmálum þess efnis að í opnum hagkerfum leitar framleiðsluþættur þangað sem framleiðslukostnaður er lægstur. Hann segir „*Það er líklegt að Kína verði í auknum mæli mikilvægur framleiðandi á ódýrum varningi eins og textílvörum og þessháttar*“.<sup>40</sup> Að lokum má nefna lögmál sem Kennedy sækir úr smiðju stjórnmálafræði. Hann telur Bandaríkin betur í stakk búin en Sovétríkin þó svo bæði eigi undir högg að sækja – ástæðuna telur hann meðal annars vera að „*frjálslynt eðli Amerísks samfélags (sem er ekki án veikleika) mun að líkindum fela í sér sveigjanleika og meiri getu til þess að aðlagast breyttum aðstæðum*“.<sup>41</sup>

<sup>36</sup> „*complex societies always arise in temperate climates rather than tropical ones*“ eða „*the mixture of races is fatal to civilization*“ Davies, *Empiricism and History*, bls. 36.

<sup>37</sup> Kennedy, *The Rise and Fall of Great Powers*, bls. 439.

<sup>38</sup> „*law of the increasing cost of war*“ Kennedy, *The Rise and Fall of Great Powers*, bls. 540.

<sup>39</sup> Kennedy, *The Rise and Fall of Great Powers*, bls. 482-483.

<sup>40</sup> „*What is likely is that China will become an increasingly important producer of low-cost goods, like textiles*“ Kennedy, *The Rise and Fall of Great Powers*, bls. 456.

<sup>41</sup> „*laissez-faire nature of American society (while not without its weaknesses) probably gives it a better chance of readjusting to changing circumstances*“ Kennedy, *The Rise and Fall of Great Powers*, bls. 514.

Raunhyggjan var ráðandi hugmynd í sagnfræði frá því fræðigreinin sleit barnsskónum í byrjun nítjándu aldar. Grunnhugmynd raunhyggjunnar tók ekki miklum breytingum þó svo að vinnubrögð og viðfangsefni sagnfræðinga breyttust næstu áratugi. Samhliða raunhyggju nutu hugmyndir löghyggju hylki meðal sagnfræðinga. Stórfrásagnir, lögmálsferlar eða einstaka lögmálsstaðhæfingar voru algengir áhrifavaldir í sagnfræði tuttugustu aldar. Fram yfir miðbik aldarinnar má segja að hvorutveggja, raunhyggjan og löghyggjan hafi átt sinn besta tíma – en þá urðu breytingar í sögu hugmyndanna. Undir lok tuttugustu aldar var gengið á milli bols og höfuðs á löghyggju í sagnfræði, tími nýrra hugmynda var runninn upp.

## Andóf gegn löghyggjunni

Rannsóknir sagnfræðinga beinast að fortíðinni – fortíð sem er liðin en hefur skilur eftir sig spor af ýmsu tagi. Verkefni sagnfræðinga er að rannsaka þau spor með hjálp heimilda. Heimildirnar geta verið munnlegar, skriflegar, fornleifar, listaverk eða í öðru formi sem hægt er að nýta til þess að fylla í eyður sögunnar. Það ríkir nánast einhugur um þetta hlutverk sagnfræðinnar og að með því að skoða heimildir megi komast að ólíkum staðreyndum um sögulega framvindu. Annað hlutverk sagnfræðinga er að leggja slíkar staðreyndir fram – að skrifa söguna, greina frá atburðum og samhengi þeirra. Þetta hlutverk sagnfræðingsins að setja saman sögulega framvindu úr þekkingabrotum fortíðarinnar er umdeildara.<sup>42</sup> Raunhyggja og löghyggja gera ráð fyrir að sagnfræðingurinn geti að mestu staðið fyrir utan frásögnina, að heimildirnar tali sínu máli óháð því hver vinnur verkið. Samhliða Ranke-skólanum og pósitoívismannum var uppi annars konar skilningur á hlutverki sagnfræðingsins. Rætur þeirra hugmynda liggja aftur til Immanuel Kant (1724-1804) og Georg Wilhelm Friedrich Hegel (1770-1831). Fyrir þeirra tíma hafði ávallt verið gert ráð fyrir að óvirkur athugandi skoðaði viðfangefnið sitt eða heimildirnar og kæmist að óyggjandi niðurstöðu. Kant sneri þessu við og gerði ráð fyrir að athugandinn yrði fyrir áhrifum af viðfangsefni sínu. Á þeim tíma þóttu þessar hugmyndir byltingakenndar. Hegel þróaði hugmyndir Kants með tilliti til sagnfræðinga og viðfangsefna þeirra. Hann tók af öll tvímæli um að sá sem gerir sagnfræðirannsókn tekur sjálfur ábyrgð á þeim veruleika sem hann dregur upp. Kant og Hegel eignuðust marga sporgöngumenn þeirra á meðal Johan Gustav Droysen (1808-1884) sem lagði áherslu á að skilningur nútímans hlyti að mótast af hverjum tíma, þess vegna þyrfti hver kynslóð að skrifa sína eigin sögu. Ennfremur setti hann fram kenningar um mismunandi markmið náttúruvísinda og hugvísinda. Í hugvísindum reyni menn að skilja en í náttúruvísindum að útskýra. Sérhver söguleg heimild er að sögn Droysens tjáning á innra ferli. Til þess að skilja tjáninguna verður að rekja hana til sálarástands upphafsmannsins eða höfundarins. Wilhelm Dilthey (1833-1911) benti á að skilningur á tilteknum sögulegum aðstæðum væri bundinn tíma þ.e. að skilningur á aðstæðum á einum tíma sé annar en á öðrum tíma. Þannig væri ómögulegt að byggja upp þekkingu byggða á eldri þekkingu. Það þyrfti ávallt að líta til sögulegra atburða í ljósi nýrra tíma. Hann benti

---

<sup>42</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 5-9.

einnig á að vísindi væru tvennskonar, raunvísindi og hugvísindi og aðferðafræði væri ólík. Dilthey fjallar sérstaklega um hugvísindi og mótaði þeim heimspekilegan ramma. Grunnatriði í viðhorfum hans er að meginviðfangsefni hugvísindanna sé að túlka það sem sagt hefur verið eða gerst hefur í fortíðinni eða að túlka heimildirnar þ.e. að túlka einhvers konar tjáningu sem alltaf þurfi að rekja til upphaflegrar reynslu.<sup>43</sup> Droysen og Dilthey eru helstu fulltrúar hughyggjunnar á nítjándu öld og má lýsa kjarna hennar með orðum Stephen Davies: „þekking heimsins veltur ekki á reynslu heldur á hugmyndum eða huga þess sem skoðar“.<sup>44</sup>

## Menninga- og hugarfarssaga

Samhliða Ranke-skólanum og pósítívisma nítjándu aldar döfnuðu fleiri afbrigði sagnfræðinnar í Þýskalandi. Annars vegar má nefna alþýðlega sagnfræði, sögur úr daglegu lífi íbúa, héraðslýsingar og munnmælasögur. Hins vegar listasögu með alvarlegri undirtón. Í báðum tilfellum er hægt að tala um menningar- eða hugarfarssögu en sú grein sagnfræðinnar átti eftir að hafa mikil áhrif þegar leið á tuttugustu öld. Innan menningarsögunnar er rætt um nítjándu öld og fyrstu áratugi tuttugust aldar sem klassíska tímabilið. Menningarsagnfræðingar tímabilsins fjölluðu um stórvirki listasögunnar og reyndu að skoða listaverk í samhengi sögunnar og söguna í samhengi listarinnar. Fyrir þeim var myndefni sagnfræðileg heimild ekki síður en texti. Tíðarandinn eða það sem á þýsku var vísað til sem *Zeitgeist* og samhengi hlutanna var mikilvægur þeim sem ástunduðu menningarsögu.<sup>45</sup> Áhersla menningarsagnfræðinga var á manninn sjálfan, hugsun hans og frumkvæði og á viðleitni mannsins til að skilja heiminn sem hann hafði byggt í kringum sig. Þetta gerðu þeir með því að skoða efnislegt og félagslegt umhverfi mannsins og lesa í táknerfi sem fylgir mannlegri tilvist.<sup>46</sup> Einn þekktasti sagnfræðingur klassíska tímabils menningarsögunnar var Jacob Burckhardt (1818-1897).

Burckhardt rannsakaði meðal annars sögu Ítalíu í lok miðalda, skrifaði um einstaklingshyggju, sjálfsskilning og tengdi þessar vangaveltur við samfélagslegar

---

<sup>43</sup> Davies, *Empiricism and History*, bls. 38-40 og .Stephen bls. 38 – 40 og Skirbekk og Gilje, *Heimspekisaga*, bls. 428 og 466-483.

<sup>44</sup> „knowledge of the world depends not on experience, but on ideas or the structure of the mind that observes it“ Davies, *Empiricism and History*, bls. 38.

<sup>45</sup> Burke, *What is Cultural History?*, bls. 7-10.

<sup>46</sup> Green, *Cultural History*, bls. 2-22.

breytingar. Í dag vísum við til þessara hugmynda Burckhardts með hugtakinu „endurreisn“. Burckhardt var ófeiminn að viðurkenna og horfast í augu við að hann var virkur þátttakandi í að skapa þá sagnfræði sem eftir hann lá. Hann hafði ekki sömu trú á heimildum eða möguleika sagnfræðingsins til að komast að sannleikanum um fortíðina eins og sagnfræðingar sem aðhylltustu hugmyndir raunhyggjunnar. Í huga hans var sagnfræðirannsókn ferill sem fól í sér mikilvægt framlag sagnfræðingsins, ekki bara við leit og rýni á heimildum heldur við túlkun og framsetningu.<sup>47</sup>

Sagnfræðingar af fyrstu kynslóð annálunga aðhylltust menningar- og hugarfarssögu að einhverju leyti. Sem dæmi um það eru tekin sum verka Marc Bloch (1886 – 1944) svo sem um Kraftaverkakonungana, þá trú sem ríkti í Frakklandi á miðöldum að konungar byggju yfir yfirnáttúrulegum krafti sem þeir beittu til lækninga. Einnig bækur Lucien Febvre (1879 – 1956) um trúarleg viðhorf og trúartilfinningu á endurreisnartímanum en þessi verk komu út á fyrri hluta tuttugustu aldar.<sup>48</sup> Verk sagnfræðinga af fyrstu kynslóð annálunga fjölluðu gjarnan um trúmál og tákfræði var mikilvæg við greiningu á tilteknum samfélagslegum og menningarlegum fyrirbærum. Í augum menningarsögunnar bjó sagnfræðingurinn til merkingu úr táknum og hugmyndum byggt á túlkunarfræðilegum aðferðum. Grundvöllur þessa var að hann gæti sett sig í spor og skilið þá sem lifðu í fortíðinni með hætti sem þeir sjálfir hefðu ekki getað gert. Með þessar hugmyndir að vopni hafði sagnfræðin yfirgefið raunhyggjuna og tekið upp hugsanaferla hughyggjunnar.

## Hughyggja

Helsti talsmaður hughyggjunnar á tuttugustu öld var Robin George Collingwood (1889-1943) sem skrifað um hugmyndir sínar í bókinni *The Idea of History* sem kom út að honum látum 1946. Meginhugmynd Collingwood er að sagnfræðingar þurfi að endurskapa hugsanir þeirra sem þeir skrifa um.<sup>49</sup> Hluti af þeirri endursköpun sé að gera greinarmun á innri hluta atburða og þeim ytri<sup>50</sup>. Collingwood tekur dæmi að ferðum Júlíusar Sesar og manna hans yfir Rubicon fljótið árið 49 f.Kr. Með ytri hlið á hann við þá utanaðkomandi þætti sem gerast svo sem hreyfingar á tilteknum persónum á tilteknum stað og ákveðnum tíma sögunnar. Með innri hlið atburða á hann við þann þátt ferðarinnar

---

<sup>47</sup> Green, *Cultural History*, bls. 14.

<sup>48</sup> Einar Már Jónsson, „Hugarfarssaga“, bls. 410-411.

<sup>49</sup> Day, *The Philosophy of History*, bls. 121

<sup>50</sup> Collingwood bls 213



sem aðeins er hægt að lýsa sem hugsunum eða hugmyndum. Sem dæmi um slíkt má nefna mögulega ætlun eða tilgang (*e: motivation*) Sesars með ferðalaginu. Að mati Collingwood getur starf sagnfræðingsins hafist með því að tína til upplýsinga um ytri þætti ferðalagsins en verkinu er ekki lokið fyrr en hann hefur komið sér fyrir í huga Sesars og reynt að endurskapa hugsanir hans.<sup>51</sup> Í þessi felist meðal annars munurinn á lögmálum vísindanna og vinnu sagnfræðinga. Raunvísindamaðurinn þarf aldrei að íhuga innri hlið fyrirbæra náttúrunnar enda rannsakar hann aðeins ytri þætti sem möglega er hægt að endurtaka. Með því að rýna í innri þætti er sagnfræðingurinn að fást við viðfangsefni sem aldrei koma á borð raunvísindamannsins.<sup>52</sup> Vandamál sagnfræðingsins er að hann rannsakar fortíðina en allar bjargar sem hann notar til rannsóknarinnar eru í nútíð. Jafnvel þótt heimildirnar eigi sér einhverja sögu þá eru þær skoðaðar í nútíð með augum nútímans. Lausn Collingwood á þessu er að endurskapa þær hugsanir sem fóru fram á þeim vettvangi sem verið er að rannsaka. Þannig verður endursköpunin leið til þess að uppgötva og skilja fortíðina.<sup>53</sup>

Eftir hildarleik stríðsárana vöknudu efasemdir um mátt vísindanna og þá ofurtrú sem ríkt hafði á framfarir og efnahagslegar umbætur. Áhugi á hugarfars- og menningarsögu jókst til muna, mögulega í viðleitni til að skilja hugarheim og menningu þeirra kynslóða sem gátu hugsað sér og staðið fyrir tortímingu styrjaldanna. Meðal annars jókst mjög áhugi á mannfræði sem tók að endurskilgreina hugtakið menning og átti eftir að hafa mikil áhrif á sagnfræðina. Vísað hefur verið til þessara breytinga og afurða þeirra sem nýju menningarsögunnar. Meginatriði í þeim breytingum var breytt skilgreining – í staðinn fyrir að binda hugtakið við formlega ferla fjallar menning nýju menningarsögunnar frekar um tilfinningar og kerfi tilfinninga. Með þessari breytingu á menningarhugtakinu hvarf eða dofnaði tenging hugtaksins við ólíka menningarheima, yfirburðamenningu og aðra slíka merkimiða sem höfðu fylgt hugtakinu.<sup>54</sup> Menningarsögufraeðingar litu á sig sem túlkendur sögunnar og þess vegna þátttakendur í að skapa atburðarás og túlka framvindu. Einn af áhrifamönnum þessara hugmynda var mannfræðingurinn Clifford Geertz (1926-2006) en hann skrifaði ritgerðina *Thick Description: Toward an Interpretive Theory of*

---

<sup>51</sup> Day, *The Philosophy of History*, bls. 123.

<sup>52</sup> Collingwood bls 214

<sup>53</sup> Day, *The Philosophy of History*, bls. 123-124.

<sup>54</sup> Weinstein, „History Without a Cause? Grand Narratives, World History, and the Postcolonial Dilemma“, bls. 72.

*Culture* sem hafði mikil áhrif meðal sagnfræðinga. Í ritgerðinni fjallar hann um skilgreiningu á menningu og leiðir til þess að túlka menningarlega hegðun. Hann leit svo á að menning væri samþætt í tákni og merki sem hægt væri að lesa úr með því sem hann kallaði þykk lýsingu (*e: thick description*) sem fól í sér að sagnfræðingurinn tók sér stöðu í því samfélagi sem hann skoðaði og las úr táknum og merkjum. Þannig gat hann nánast lesið menningu og sögu úr táknum með sama hætti og hann les og notar heimildir.<sup>55</sup> Áhrif Clifford Geertz á vinnu og hugsun sagnfræðinga voru mikil. Þegar þessi áhrif eru metin er oft vísað í bók Robert Darntons (1939 -) *The Great Cat Massacre* (1984) þar sem hann segir meðal annars sögu af atburði sem gerðust í þröngu samfélagi innan prentsmiðju í Frakklandi.<sup>56</sup> Atburði, aðstæður og viðbrögð viðstaddra notar Darnton til þess að draga almennar ályktanir. Í byrjun bókarinnar skrifar hann „Í þessari bók er hugsun Frakka á átjándu öld skoðuð. Gerð er tilraun til þess að sýna, ekki einungis hvað fólk hugsaði um heldur hvernig það hugsaði, hvernig það byggði upp veröld sína og fyllti hana með tilgangi og tilfinningum“<sup>57</sup>

## Postmodernismi

Síðari hluti tuttugustu aldar var tími efasemda. Evrópustyrjaldirnar settu stórt spurningamerki við flest það sem áður var talið sjálfsagt og eðlilegt, ljóðskáld efuðust um hefðbundið form ljóðsins, myndlistarmenn um hlutbundna málalag, tónskáldin um laglínur í tónlist og almenningur um hefðbundin gildi og hefðir. Í sagnfræðinni fjallaði efinn meðal annars um hvort texti gæti haft sjálfstæða tilvist. Efasemdir um gildi textans má rekja til hugmynda málvísindamannsins Ferdinand de Saussure (1857 – 1913) sem birtust árið 1916 eftir lát hans. Í grófum dráttum fjalla hugmyndir hans um að tungumálið og táknerfi þess gegni mun stærra hlutverki í upplifun mannsins en áður var talið. Þannig noti maðurinn ekki „tungumálið til að koma hugsunum sínum á framfæri, heldur er hugsun mannsins skilyrt af tungumálinu“.<sup>58</sup> Saussure bendir á að hugtökin sem við notum í tungumálinu eigi sér í fæstum tilfellum náttúrulegar skýringar. Við notum borð fyrir

---

<sup>55</sup> Geertz, *The Interpretation of Cultures*, bls. 3-30.

<sup>56</sup> Darnton, *The Great Cat Massacre and other episodes in French Cultural History*, bls. 79-104

<sup>57</sup> „This Book investigates ways of thinking in eighteenth-century France. It attempts to show not merely what people thought but how they thought – how they construed the world, invested it with meaning, and infused it with emotions.“ Darnton, *The Great Cat Massacre and other episodes in French Cultural History*, bls. 11

<sup>58</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 137.

borð og tré fyrir tré af ástæðum sem eru ekki að öllu leyti gagnsæjar. Þó vandinn virðist ekki mikill í ofangreindum tilfellum flækjast mál þegar fjallað er um flókin hugtök og skilning á hugtökum á milli tungumála.<sup>59</sup> Tungumálið sé þannig ekki verkfæri sagnfræðingsins til þess að afla heimilda og koma frá sér niðurstöðum heldur er sagnfræðingurinn flæktur í fjötrum tungumálsins – hugsun sagnfræðingsins er skilyrt af tungumálinu. Á síðari hluta tuttugustu aldar fengu hugmyndir Saussure byr undir báða vængi og stuðning frá málvísindamönnum og sagnfræðingum eins og Jacques Derrida (1930-2004) og Michel Foucault (1926 – 1984) sem gengu enn lengra í að aðskilja höfund og texta.

Foucault fjallaði á sínum ferli meðal annars um geðveiki og hvernig samtíminn skilgreinir ólíka hegðun sem einkenni geðveilu. Hugsanlega eru geðveikishugtökin sem hafa flokkað fólk í gegnum tíðina valdataeki tiltekinna aðila til þess að búa til veruleika sem varla er til að mati Foucault. Þannig geti tungumálið verið tæki til þess að flokka einstaklinga og skilgreina en hafi ekki gildi í sjálfum sér.<sup>60</sup> Að minnsta kosti séu skilgreiningar og hugtök sem notuð eru til þess að flokka andlega heilsu fólks afar mismunandi milli tungumála. Sama má segja um stéttaskiptingu, kynjahugmyndir, hugmyndina um þjóð og þjóðríki og svo mætti lengi telja. Tungumálið kemur alltaf þarna á milli til þess að búa til skilgreiningar sem ef til vill eru ekki til staðar heldur soðnar saman fyrir tilstuðlan fjölmiðlunar, fræðimennsku, tákna og merkja.<sup>61</sup>

Derrida gekk enn lengra en Saussure í að vekja athygli á hvernig orð og setningar getur glatað meiningu sinni eftir stöðu og samhengi í texta. Þannig eru orð meira eins og vísbendingar sem hægt er að nota til að raða úr ólíkar myndir<sup>62</sup> Hvernig er hægt að stunda áreiðanlega sagnfræði ef orð og textar, sem eru grunnheimild sagnfræðinga eru ekki áreiðanlegri en svo að einstök hugtök merkja eitt í dag og annað á morgun og geta þar að auki verið valdataeki í höndum þeirra sem beita þeim – hver er þá staða sagnfræðingsins sem vinnur með heimildirnar?

Árið 1973 kom út bók eftir Hayden White (1928- ), *Metahistory: The Historical Imagination in the Nineteenth Century Europe*. Í bókinni færir White rök fyrir því að

---

<sup>59</sup> Passmore, „Poststructuralism and History“, bls. 120-121.

<sup>60</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 138.

<sup>61</sup> Burke, *What is Cultural History?*, bls. 77-101.

<sup>62</sup> Passmore, „Poststructuralism and History“, bls. 123.

engin leið sé að ganga úr skugga um sannleiksgildi í sögulegum frásögnum.<sup>63</sup> White afneitaði ekki því að hægt væri að tína fram staðreyndir en þegar þeim er púslað saman í sögulega frásögn stýrist framvindan af fagurfræðilegum og siðferðilegum sjónarmiðum, ekki vísindalegum. Strax í upphafi frásagnar sinnar þegar sagnfræðingurinn fer að velta fyrir sér viðfangsefninu er hann orðinn fangi tungumálsins, hugtaka og skilgreininga.<sup>64</sup> Niðurstaða White og þeirra sem lengst gengu í þessa átt var að sagnfræðin hefði takmarkaðan tilverurétt sem sjálfstæð vísindaleg fræðigrein heldur ætti heima sem undirgrein bókmenntafræði.<sup>65</sup>

Árið 1979 birtist ritgerð eftir Lawrence Stone (1919-1999) sem hann kallaði *The Revival of Narrative: Reflections on a New Old History*. Þar ræðir hann um grundvallarbreytingar sem hann telur að orðið hafi á sagnfræðinni undangengna áratugi. Stone telur að megnið af tuttugustu öldinni hafi sagnfræðin beinst í tvær megináttir, annars vegar hafi hún tekið mið af jákvæðri sýn félagsvísindalegrar sagnfræði til tækniþróunar, vaxtar og framþróunar iðnaðarsamfélaga nútímans. Hins vegar hafi sagnfræðin beinst að sögulegri efnishyggju og lögmálstrú marxismans. Hér er um að ræða tvær af þeim veigamiklu lögmálsfrásögnum sem áður hefur verið fjallað um. Samfélagsbreytingar hefðu orðið þess valdandi að hvorugt gat talist sannfærandi lengur. Þær samfélagsbreytingar sem Stone vísaði til fólu í sér breytt viðhorf til stjórnarfars, samfélagsmála og jafnvel hversdagslegra athafna. Breytingarnar raungerðust í stúdentauppreisnum, viðhorfum ungs fólks til styrjalda og breyttum persónulegum viðhorfum. Í félagsvísindalegri sagnfræði og sögulegri efnishyggju er grundvöllurinn hagfræðilegur og hugmyndin sú að hægt sé að stjórna hagvexti og framtíðarþróun með vísindalegum hætti. Hvorug nálgunin hafði minnsta áhuga á hversdagslifinu, venjulegu fólki, tilfinningum þess eða löngunum.<sup>66</sup> Niðurstaða Stone var að venjulegt fólk og hversdagslíf þyrfti meiri athygli – frásögnin þyrfti stærri sess í sagnfræðinni

Hugarfars- og menningarsaga, áhrif mannfræði og menningarhugtaksins, hugmyndir póstmóðernismans og aðrar breytingar í lok aldarinnar færðu sagnfræðingum ný og áhugaverð viðfangsefni.<sup>67</sup> Þeir gengu í smiðju sálfræði, táknafræði, mannfræði,

<sup>63</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 135.

<sup>64</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 135 og Green, *Cultural History*, bls. 65-67.

<sup>65</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 135-140.

<sup>66</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 112-115.

<sup>67</sup> Hugtakið póstmóðernismi er í sagnfræði notað um breytingar sem urðu á viðhorfum og vinnubrögðum innan fræðigreinarinnar í lok tuttugustu aldar. Notkun hugtaksins er hvorki skýr né afmörkuð en í þessari

djúpsálarfræði og annarra fræðigreina og fundu þar hugtök og aðferðir til þess að greina og lesa í merkjakerfi sögunnar. Fjallað var um ýmsar hliðar mannlífsins, sem sagnfræðingar höfðu lítinn gaum gefið áður, beitt var frumlegum aðferðum sem sagnfræðingar smíðuðu eða fengu að láni hjá öðrum fræðigreinum. Hugurfar horfinna kynslóða var skoðað með tölfræðilegum hætti og úrvinnsla úr gagnasöfnum gaf vísbendingar um kynhegðun, siðferðishugmyndir, og aðra menningarlega þætti í lífi mannsins.<sup>68</sup> Sagnfræðingar skoðuðu af áhuga hverskonar siði og hefðir svo sem tesiði, borðsiði, mannasiði eða formlegri athafnir og siði eins og undirritun lögskjala. Þessi áhugi náði líka til hversdagsathafna og fyrirbæra eins og matar, fatnaðar, húsgagna og hímýla, líkamlegra þátta eins og hreinlætis, tattóeringa og annarra athafna úr hversdagslegu lífi.<sup>69</sup> Sagnfræðingar tóku að skoða tiltekna iðju/hegðun (*e: practices*) eins og trú, íþróttir og vísindaiðkun til að kanna sögu þeirra. Þeir könnuðu sögu þess hvernig maðurinn túlkaði tiltekin fyrirbæri (*e: representation*)<sup>70</sup> og tókust á við önnur verkefni sem Ranke hefði ekki séð ástæðu til að skoða nánar.

Þessar breytingar síðustu áratuga tuttugustu aldar höfðu ekki bara jákvæð áhrif á störf sagnfræðinga. Nýjar hugmyndir tókust harkalega á við hefðbundin viðhorf í fræðigreininni og ógnuðu jafnvel tilverurétti hennar. Segja má að gagnrýni póstmóðernisma á raunhyggju og löghyggju hafi verið tvíþættar. Annars vegar gagnrýni sem beindist að stórum einföldum lögmálsskýringum. Heimstýrjaldir, kreppa, hrun kommúnismans og aðrir atburðir tuttugustu aldar sýndu einfaldlega fram á að stór skýringamódel byggð á löghyggju voru varasöm. Hins vegar byggði gagnrýni póstmóðernismans á hefðbundna sagnfræði fyrri tíma á viðhorfum til tungumálsins þ.e. að heimildagrúnnur sagnfræðinnar væri einfaldlega ótraustur.<sup>71</sup> Þessar hugmyndir höfðu varanleg áhrif á fræðigreina. Guðmundur Jónsson bendir á að til lengri tíma hafi áhrifin meðal annars falist í breyttri afstöðu til heimilda, endurmati á hlutlægnishugtakinu og skýrari vitund um að sagnfræðin er að einhverju leyti bókmenntalegt fyrirbæri. Ennfremur

---

ritgerð er það notað um þær efasemdir sem vöknúðu um stöðu tungumáls og heimilda og takmarkaða möguleika sagnfræðinga á að komist að áreiðanlegum niðurstöðum með aðstoð skriflegra heimilda.

<sup>68</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, bls. 57-58.

<sup>69</sup> Burke, *What is Cultural History?*, bls. 31-41.

<sup>70</sup> Burke, *What is Cultural History?*, bls. 59-69.

<sup>71</sup> Bentley, *Modern Historiography*, bls. 150-151

hafi póstmóðernisminn vakið athygli á mikilvægi valdahugtaksins í sagnfræðilegri umfjöllun.<sup>72</sup>

Þegar líða tók á tuttugustu öldina höfðu hrannast upp hugmyndir sem gengu þvert á hugmyndir raunhyggju og löghyggju. Í hughyggju var gert ráð fyrir að sagnfræðingar þyrftu að endurskapa atburði fortíðar og reyna með þeim hætti að skilja og skýra söguna. Nýja menningarsagan lagði fram breyttar hugmyndir um menningu og gerði kröfu til þess að sagnfræðingar tæki sér stöðu í því samfélagi sem þeir væru að rannsaka og rýndu þar í tákni og merki til þess að skilja og skýrt sögulega atburði. Póstmóðernistar höfðu efasemdir um tungumálið og heimildirnar, þeir efuðust jafnvel um tilverugrundvöll fræðigreinarinnar. Raunhyggjan átti undir högg að sækja og stórar og smáar hugmyndir um lögmál í sagnfræði hurfu nánast af sjónarsviðinu.<sup>73</sup>

---

<sup>72</sup>Guðmundur Jónsson, „Sagan og sannleikurinn“, bls. 121-122.

<sup>73</sup>Weinstein, „History Without a Cause? Grand Narratives, World History, and the Postcolonial Dilemma“, bls. 71-73.

## Löghyggja í sagnfræði nýrrar aldar

Aðferðir og viðfangsefni sagnfræðinga mótast af þeim aðstæðum sem veröldin býr þeim. Þjóðernisvakning nítjándu aldar kallaði á sagnfræði sem fjallaði um ríkisvaldið og stofnanir þess. Iðnbyltingin og samfélagsbreytingar sem henni fylgdu beindu áhuga sagnfræðinga að félags- og hagsögu og hamfarir tuttugustu aldar kölluðu fram efa um vitsmuni og getu mannskepnunnar. Síðustu áratugi hafa nýjar samfélagsbreytingar kallað fram enn aðrar áherslur og hugmyndir. Heimurinn er minni en áður og samþættari í svo mörgum ólíkum merkingum. Styttri ferðatími gerir hvern einstakling meðvitaðri um smæð heimsins, aukin fjölmiðlun gerir hann að virkum þátttakanda í örlögum annarra, aukin alþjóðavæðing gerir neyslumenningu alþjóðlega og einsleitari. Vandamál samtímans eru í vaxandi mæli alþjóðleg og sammannleg.

Á nýrri öld hafa orðið breytingar í umhverfi sagnfræðinnar sem ýtt hafa undir endurvakningu hugmynda um söguleg lögmál. Í fyrsta lagi hafa umfjöllunarefnin breyst. Miklar breytingar á alþjóðaskipan frá því í lok síðustu aldar hafa beint athygli sagnfræðinga að heimssögu. Aukin umræða um umhverfismál hefur ennfremur hvatt fræðimenn til þess að skoða veröldina frá nýjum sjónarhornum. Á sama tíma hefur orðið til nýtt svið innan sagnfræðinnar sem kallað hefur verið stórsaga (*e. big history*). Endurnýjaður áhugi á heimssögu, þáttur umhverfismála í sagnfræðilegri umfjöllun og tilkoma stórsögu hvetja til þess að sagan sé skoðuð í löngum tímalínnum með mikla yfirsýn. Í öðru lagi hafa orðið miklar tæknilegar breytingar sem hugsanlega stuðla að löghyggju. Aukinn aðgangur að heimildum hefur gerbreytt störfum sagnfræðinga meðal annars hvatt til og auðveldað samvinnu fræðigreina. Slík samvinna stækkar þau viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni og eykur líkur á því að lögmál komi við sögu í störfum fræðimanna. Ennfremur hefur komið fram ný tækni sem hvetur til notkunar á stórum hermílikönnum í vísindum sem er líkleg til þess að auka áhugann á lögmálsskýringum. Að lokum má nefna að viðhorf til lögmála í náttúruvísindum hafa breyst mikið undanfarna áratugi. Sú breyting ætti að hafa veruleg áhrif á hvernig fræðimenn skilgreina og vinna með lögmálshugtakið.

## Heimssaga, stórsaga og umhverfið

Undir lok síðustu aldar liðuðust Sovétríkin í sundur og til varð fjöldi nýrra ríkja sem þurftu pláss og rödd í alþjóðasamfélaginu. Jafnframt styrktu mörg ríki Asíu stöðu sína efnahagslega og Kína varð stórveldi. Á sama tíma veiktist staða Bandaríkjanna, að minnsta kosti hlutfallslega. Á allra síðustu árum hefur óvissan í heimsmyndinni aukist enn frekar með einhvers konar endurreisn Rússlands, forsetaskiptum í Bandaríkjunum og óvissu um stöðu Evrópu. Allar þessar breytingar skapa óöryggi og nýjar spurningar. Hver er staða Bandaríkjanna sem heimsveldis? Hvaða áhrif hefur það á heimsmálin að völd flytjist til Asíu í þeim mæli sem raun ber vitni? Hvað er framundan í Rússlandi? Getur sagan og lögmál hennar hjálpað okkur að svara þessum áleitnu spurningum? Þessar breytingar hafa vakið að nýju áhuga á heimssögu þar sem stórar tímalínur, víð sjónarhorn og samþætting ólíkra greina er viðfangsefnið.<sup>74</sup>

Stephen Berry segir að á síðari hluta tuttugustu aldar hafi komið fram nánast ný grein innan sagnfræðinnar sem kallað hafi fram löghyggjuhugmyndir að nýju. Þetta er umhverfisfræðin sem rannsakar áhrif umhverfisins á sögulega framvindu. Hann bendir á að fyrri hugmyndir um lögmál hafa falið í sér að lögmálið kæmi innanfrá en umhverfisþátturinn væri í raun utanaðkomandi þáttur sem hefði áhrif sem væru ígildi lögmáls á þróun sögunnar.<sup>75</sup> Berry bendir á að ýmsir þættir hafi áhrif á framþróun sögunnar án þess beinlínis að ákveða gang hennar. Þetta er þættir eins og náttúra, umhverfi, hagrænir-, sálrænir- og félagslegir þættir. Hann nefnir sem dæmi tilhneigingu mannsins til hóphugsunar, að ferðast hugmyndalega í sömu átt, en einnig tilhneigingu til aðgreiningar, að aðgreina sig, hvíta frá svörtum, Evrópubúa frá Asíubúa og svo framvegis. Umhverfismál hafa mikil áhrif á þróunar sögunnar svo sem veður- og gróðurfar en einnig útbreiðsla á tilteknum plöntum, aðstæður til búskapar og aðrir slíkir þættir sem hafa ákvarðað sögulega og landfræðilega þróun. Barry bendir á að vissulega sé orsakasamhengið óbeint en engu að síður ráða svona þættir ýmsu um farveg og gang sögunnar og mögulegt sé að byggja á þeim grunni lýsandi sagnfræðileg lögmál.<sup>76</sup>

---

<sup>74</sup> Sjá Weinstein, „History Without a Cause? Grand Narratives, World History, and the Postcolonial Dilemma“, bls. 71-73 og Berry, „The Laws of History“, bls. 168-170.

<sup>75</sup> Berry, „The Laws of History“, bls. 168-169.

<sup>76</sup> Berry, „The Laws of History“, bls. 164-169.



Vaxandi umræða er um umhverfismál á öllum sviðum samfélagsins, ekki síst í fræðilegri umræðu og rannsóknum. Áhrif þessarar umræðu eru orðin slík að hugsanlega er hægt að tala um umhverfismál sem nýja stórfrásögn í líkingu við nývæðingakenninguna og efnishyggju marxismans. Í grófum dráttum fjallar sú frásögn um sambýli manns og náttúru, auðlyndanýtingu sem fer úr böndunum og veldur margháttuðu tjóni á sjálfri náttúrunni en ekki síður á samfélagi manna þegar til lengri tíma er litið. Afleiðingarnar eru fátæglegri flóra og fána jarðar, mengun, óstöðugleiki í veðurkerfum, stór svæði sem nú eru heimkynni fjölda fólks verða óbyggileg, umtalsverðir þjóðflutningar eru framundan og aðrar veigamiklar breytingar verða á búsetuskilyrðum mannsins á jörðinni. Á síðustu árum hefur hópur sagnfræðinga og annarra fræðimanna fjallað um söguna í lengri tímalínunum og með önnur viðhorf að vopni en áður. Þessi grein sagnfræðinnar hefur verið kölluð stórsaga (*e: Big History*). David Christian (1946 - ), einn af talsmönnum stórsögunnar, telur að hún sé að sumu leyti endurkoma löghyggju eða ný leið til þess að skýra tilveruna með stórfrásögnum.<sup>77</sup> Christian tiltekur helstu ástæðurnar fyrir þessari endurkomu. Í fyrsta lagi telur hann að stórfrásagnir hafi aldrei horfið að fullu úr hugum sagnfræðinga þrátt fyrir efasemdir á síðustu áratugum aldarinnar. Sagnfræðingar hafi vissulega unnið að verkefnum með langar tímalínur og mikla yfirsýn alla tuttugustu öldina. Í öðru lagi nefnir hann að þær sagnfræðirannsóknir sem nú séu að baki, öll sú þekking sem við höfum öðlast veiti sagnfræðingum betri möguleika og réttlætingu á að stunda stórsögu. Það sé líka augljóst að ný tækni geri sagnfræðingum mögulegt að nálgast upplýsingar sem ekki voru aðgengilegar áður. Þetta á ekki bara við um sagnfræðilegar heimildir heldur ekki síður um upplýsingar úr öðrum fræðigreinum sem nýtast sagnfræðingum sem heimildir. Í þriðja lagi bendir Christian á nýja tækni við aldursgreiningu sem kom fram á síðari hluta tuttugustu aldar og hefur batnað mikið á undanförunum áratugum. Þessi nýja tækni opni möguleika til þess að setja söguna í nýtt, stærra og öruggara samhengi.<sup>78</sup>

Christian bendir á þrjú mynstur (*e: pattern*) eða lögmál sem hafi áhrif á stórsöguna. Það fyrsta er vaxandi vald mannsins yfir náttúrunni. Þetta vald hefur mótandi áhrif á alla veraldarsöguna frá því maðurinn fór að láta til sín taka. Í öðru lagi er vaxandi mannfjölgun sem er að einhverju leyti afleiðing af fyrsta atriðinu. Aukinn mannfjöldi er mikill

---

<sup>77</sup> Christian, „The Return of Universal History“, bls. 15.

<sup>78</sup> Christian, „The Return of Universal History“, bls. 17-19.

áhrifavaldur í sögunni. Í þriðja lagi er vaxandi flækjustig (*e: complexity, diversity, and interrelatedness*) eftir að maðurinn hóf að byggja samfélög.<sup>79</sup> Líta má á þessar staðhæfingar sem einhvers konar söguleg lögmál. Annar áhugamaður um stórsögu er sagn- og mannfræðingurinn Fred Spier (1952 -) sem fjallar um og skýrir stórsöguna út frá hugtakinu „regime“ sem þýða má sem stýrikerfi. Stýrikerfi er samkvæmt skilgreiningu hans *“meira eða minna reglulegt mynstur sem leysist upp en hefur tímabundna virkni”*<sup>80</sup> Hann talar um þrennskona tímamót í sögu mannkyns sem stýrikerfi. Þau fyrstu eru nýting mannsins á eldinum og þær breytingar sem urðu á umhverfi og háttum mannsins í kjölfarið, í öðru lagi nýting mannsins á plöntum og dýrum sem breytir mynstrum mannlegrar hegðunar varanlega og að lokum nýting mannsins á orku (aðallega jarðefnaeldsneyti) sem skapaði forsendur fyrir iðnbyltingu og hafði mikil áhrif á samfélag manna. Þessi tímamót skapi mynstur sem líkja megi við lögmál.<sup>81</sup> Christian telur að stórsagan hafi möguleika á að breyta allri sagnfræðiiðkun. Landamæri milli fræðigreina muni minnka þar á meðal landamæri milli raunvísinda og hugvísinda. Til þess að skilja stórsöguna þurfi sagnfræðingar að vinna í meira mæli með líffræðingum, stjörnufræðingum, félagsfræðingum, jarðfræðingum, fornleifafraeðingum og öðrum fræðimönnum. Sérstaklega muni verða mikilvægt að sagnfræðingar og líffræðingar nái vel saman. Ennfremur bendir hann á að iðkun stórsögu muni aftur hvetja sagnfræðinga til að hefja leit að mynstrum eða lögmálum í sögunni. Iðkun stórsögu muni leiða í ljós að það eru í raun mynstur í því hvernig sagan hagar sér. Þessi mynstur sjáist ekki þegar einstakir atburðir eru skoðaðir en sjást hins vegar ágætlega þegar rannsóknir beinist að stórum tímalínum.<sup>82</sup>

## Tæknibreytingar

Stafræna upplýsingabyltingin sem hófst fyrir alvöru með tilkomu Internetsins í lok síðustu aldar hefur breytt aðgangi að heimildum og aukið samstarf fræðigreina. Upplýsingar og heimildir sem vísindamenn þurfa til þess að sinna rannsóknum sínum eru aðgengilegri en áður. Niðurstöður úr rannsóknum í náttúrufræði, veðurfræði, mannfræði,

---

<sup>79</sup> Christian, „The Return of Universal History“, bls. 21.

<sup>80</sup> „a more or less regular but ultimately unstable pattern that has a certain temporal permanence.” Spier, *The Structure of Big History, from the Big Bang until Today*, bls. 14.

<sup>81</sup> Spier, *The Structure of Big History, from the Big Bang until Today*, bls. 38.

<sup>82</sup> Christian, „The Return of Universal History“, bls. 19-20.

steingervingafræði og öðrum þeim rannsóknum sem sagnfræðingar nýta til þess að styðja tilgátur sínar eru innan seilingar.<sup>83</sup> Sagnfræðingar geta nýtt niðurstöður annarra fræðigreina með nýjum hætti einfaldlega vegna þess að efnið er aðgengilegra. Á sama hátt geta aðrar fræðigreinar nýtt sér niðurstöður sagnfræðirannsókna. Af þessum ástæðum er sagnfræðin í meira návígi við aðrar fræðigreinar en áður. Þannig má segja að lögmál hagfræðinnar, lýðfræðinnar, veðurfræðinnar og fleiri fræðigreina taki á sig mynd lögmála í sagnfræðilegri umfjöllun. Við þetta aukna návígi fræðigreinnanna þarf að endurmeta hugmyndir sagnfræðinga um lögmál sögunnar.

Bætt aðgengi að heimildum er ekki eina tæknibreytingin sem hefur áhrif á störf sagnfræðinga. Á næstu árum mun gervigreind í vaxandi mæli hafa áhrif á rannsóknir sagnfræðinga. Með slíkri tækni getur hugbúnaður „lært“ með því að herma tilteknar aðgerðir. Gervigreind mun að líkindum auðvelda gerð líkana aftur og fram í tíma sem skýra veðurfar, náttúrufar, hagræna þróun, átök milli samfélagshópa, lýðfræðiþróun og fleiri þætti sem falla vel að rannsóknum sagnfræðinga. Reyndar eru sagnfræðingar nú þegar byrjaðir að nýta sér líkön byggð á gervigreind við rannsóknir sínar<sup>84</sup>. Grunnforsenda slíkra líkana eru kerfisbundnar eða lögmálsbundnar hreyfingar. Þá hafa ýmsar aðrar tæknibreytingar bætt vinnuaðstæður sagnfræðinga svo sem tækni við aldursgreiningu. Það breytir öllum forsendum sagnfræðiiðkunar að hafa áreiðanleg tæki til að ákvarða aldur og atburði í fortíð. Þessi nýja tækni hefur ekki aðeins áhrif á sagnfræðinga heldur margar aðrar fræðigreinar sem fá nýja möguleika til að horfa aftur í tímann og endurbyggja fortíðina í löngum tímalínunum.<sup>85</sup> Á fáum árum hefur orðið svo mikil breyting á tækni og vinnuaðstæðum að það hlýtur að hafa veruleg áhrif á viðfangsefni og verklag sagnfræðinga. Betra aðgengi að heimildum, aukin samvinna fræðigreina og ný tækni mun auka áhuga á lögmálum innan sagnfræðinnar.

Áhugi sagnfræðinga á löghyggju hefur vaxið aftur á nýrri öld eftir að hafa nánast horfið fyrir nokkrum áratugum. Hér hefur verið bent á nokkrar ástæður. Þessi endurnýjaði áhugi er þó ekki afturhvarf til pósitívisma eða sömu lögmálshyggju og ríkti framan af tuttugustu öld. Á síðustu áratugum hefur skilningurinn á eðli náttúrulögmála og annarra fræðilegra lögmála breyst mikið. Sú breyting hefur áhrif á hvernig sagnfræðingar líta til löghyggju

---

<sup>83</sup> Christian, „The Return of Universal History“, bls. 17-19.

<sup>84</sup> Ekki hefur verið fjallað mikið um mögulega áhrif þessarar tækni á störf sagnfræðinga en nú þegar liggja fyrir rannsóknir sem nýta gervigreind sjá Shults o.fl., „A Generative Model of the Mutual Escalation of Anxiety Between Religious Groups“ og Vef. Lansdall-Welfare o.fl: Content analysis of 150 years of British periodicals.

<sup>85</sup> Christian, „The Return of Universal History“, bls. 17-19.

og hvernig þeir nýta lögmál í eigin fræðigreini. Í næsta kafla er fjallað um nýjar hugmyndir um lögmál vísindanna.

## Breyttur skilningur á lögmálum

Á nítjándu öld og lengstum á þeirri tuttugustu snerist umræða um lögmál í sagnfræði um samanburð á náttúrulögmálum og lögmálum sagnfræðinnar. Gengið var út frá því að lögmál náttúruvísindanna væru óskeikul eða afar áreiðanleg. Í hugum pósitívista, á síðari hluta nítjándu aldar, voru söguleg lögmál einnig algilt og óskeikul. Hægt var að skýra orsakir sögulegra atburða og segja til um sögulega þróun með tilvísun í lögmál. Aðgerðir einstaklinga var ekki hægt að sjá fyrir en uppsafnaðar aðgerðir margra einstaklinga voru fyrirsjáanlegar og byggðust á lögmálum sögunnar. Á tuttugustu öld breyttust þessi viðhorf meðal sagnfræðinga. Gerður var greinamunur á náttúrulögmálum og sögulegum lögmálum þar sem náttúrulögmál voru ennþá álitin áreiðanleg og óskeikul en lögmál sögunnar af öðrum toga, en lögmál engu að síður. Þegar leið á tuttugustu öld breyttist skilningur manna á náttúrulögmálum. Með mikilli einföldun má segja að í lok tuttugustu aldar hafi söguleg lögmál horfið af sjónarsviðinu en náttúrulögmál öðlast þá þekkingafræðilegu stöðu sem söguleg lögmál höfðu á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Náttúrulögmál skipa sérstakan sess í vísindasögu síðustu alda. Þau eru að einhverju leyti tákmynd frásagnarinnar um frelsun mannhugann úr klóm vanþekkingar, hjátrúar og aflátsbréfa, inn í veröld þekkingar og framfara. Á tímabili var nánast litið á það sem hlutverk vísinda að uppgötva, einfalda og binda þekkingu í lögmál. Það voru einkum heimspekingar og hugsuðir nítjándu aldar sem lögðu þennan grunn, gjarnan með tilvísun í verk Isaacs Newtons (1643 – 1727). Hugmyndin var að skýra flókinn heim okkar með því að setja þekkingu fram í tiltölulega einföldum og skiljanlegum lögmálum.<sup>86</sup> Lögmálin komu að einhverju leyti í stað trúarhugmynda sem áður höfðu svarað spurningum mannsins um tilveruna. Þau sýndu mátt samtímans og lögðu grunninn að því sjálfstrausti sem ríkti í Evrópu og gat af sér iðnbyltingu og forréttindastöðu sem Evrópa hafði í heiminum um árabíl. Áhrifin á mennta- og vísindastarf voru mikil. Fræðigreinar sem gátu beitt fyrir sig mætti náttúrulögmála öðluðust virðingu og völd. Aðrar fræðigreinar leituðust við að nýta sambærileg verkfæri til þess að formgera eigin þekkingaröflun með einhverjum hætti. Það má leiða að því líkum að sagnfræði nítjándu aldar hafi verið í

---

<sup>86</sup> Mitchell, *Unsimple Truths*, bls. 1-19

Þessari stöðu. Til þess að auka virðingu og álit greinarinnar var mikilvægt að sýna fram á að lögmál gætu átt við um gang sögunnar ekki síður en gang himintungla.

Þegar líða tók á tuttugustu öld breyttist hlutverk vísindanna. Verkefni þeirra beindust í vaxandi mæli að því að leysa tiltekin viðfangsefni og svara afmörkuðum spurningum frekar en að binda alla þekkingu í vef lögmála. Líklega hafa þessar breytingar orðið vegna þess að eftirspurn eftir hagkvæmum vísindalegum lausnum jókst – vísindi urðu í meira mæli hluti af almenntri atvinnustarfsemi. Þessi breyting hafði áhrif á vísindastörf, áhersla á náttúruna sem eitt samfellt kerfi minnkaði og athyglin beindist meira að einstökum þáttum og samspili þeirra í flóknum veruleika alheimsins. Um miðbik tuttugustu aldar gætti vaxandi tortryggni gagnvart vísindalegri þekkingu og gildi náttúrulögmála, ekki síst í ljósi þess að vísindi höfðu verið notuð til tortímingar á stríðstímum. Ennfremur kom í ljós að náttúrulögmál voru af ólíkri gerð og höfðu ólíka stöðu, þau voru háð umhverfi sínu og öðrum sambættum lögmálum og notkun þeirra í vísindalegu starfi var oft illa ígrunduð.<sup>87</sup> Ekki er hægt að raða þekkingu upp í snyrtilega stafla og skapa þannig mynd af veröldinni. Þvert á móti er þekkingarheimurinn reiðulaus og staflast illa, þar gilda ólík lögmál sem oft skarast, samband lögmála og veruleikans er í besta falli óstöðugt og megnið af því sem gerist í umhverfi okkar virðist gerast fyrir algera tilviljun. Þetta á við um eðlisfræðileg lögmál sem virðast helst virka innan veggja í lokuðu og vernduðu rými. Þetta á líka við um lögmál í öðrum fræðigreinum eins og hagfræði sem ef til vill stendur sagnfræðinni nær. Lögmál standa á veikum grunni og jafnvel þó hægt sé að sýna fram á stöðugleika þeirra og virkni þá er vandmeðfarið að færa virkni þeirra út fyrir afmarkaðar skilgreindar aðstæður. Jafnvel bestu lögmál vísindanna eru verulega takmörkuð og tiltölulegar fáar aðstæður sem gerast með raunverulegum hætti gerast með þeim hætti að hægt sé að fella þær undir skilgreiningar lögmála.<sup>88</sup> Þess vegna er brýn þörf á nýjum skilgreiningum og þekkingarfræðilegum aðferðum til þess að takast á við vísindaleg verkefni nútímans segir Sandra D. Mitchell í bók sinni *Unsimple Truths*. Lögmál nútímans eru takmörkuð og eiga sér undantekningar. Tilhneiging til þess að þröngva allri þekkingu í almenn lögmál getur einmitt haft neikvæð áhrif og orðið til þess að samtíminn verður af nýrri þekkingu.<sup>89</sup>

---

<sup>87</sup> Berry, „The Laws of History“, bls. 162-163.

<sup>88</sup> Cartwright, *The Dappled World*, bls. 1-19

<sup>89</sup> Mitchell, *Unsimple Truths*, bls. 1-19

Áður hefur verið rætt um póstmódernisma eða þá efahyggju sem einkenndi hugmyndir sagnfræðinga síðustu áratugi tuttugustu aldar. Þessi efahyggja hafði ekki síður áhrif á viðhorft til raunvísinda og náttúrulögmála en sagnfræði. Talsmenn póstmódernismans bentu á að til þess að búa til nýja þekking þyrfti vísindasamfélag sem væri bundið saman af eigindum sem móta niðurstöður þekkingaleitarinnar. Þessar eigindir geta verið rannsakandinn og bakgrunnur hans, umhverfið þar sem rannsóknin fer fram eða fjárhaglegur stuðningur sem veittur er til rannsókna. Það er í raun ekki hægt að setja fram vísindalega þekking óháð því samfélagslega umhverfi sem hún er sprottin úr. Að auki væri varla hægt að treysta nýrri þekkingu í ljósi þeirrar staðreyndar að reglulega kemur fram enn nýrri þekking sem kollvarpar fyrri hugmyndum vísindanna.<sup>90</sup>

Í grein eftir Leuridan og Froeyman frá 2012 er fjallað um þennan nýja veruleika með að markmiði að endurvekja trúna á lögmál í sögunni. Aðferð þeirra er að enduskilgreina hugmyndina um lögmál, jafnt í raunvísindum sem í hugvísindum. Niðurstaða þeirra er að vel megi notast við lögmál í hugvísindum þar með talið í sagnfræði. Í greiningu sinni byggja þeir á skrifum Söndru D. Michell um hagnýt lögmál (*e: pragmatic law*) og tengja við hugmynd Jim Woodward um óbreytileika (*e: invariance*). Leuridan og Froeyman telja að sagnfræðingar hafi oft litið til náttúrulögmála með of mikilli virðingu. Þeir líta gjarnan svo á að náttúrulögmál séu algild og óvæfengjanleg. Með aukinn þekkingu verður ljóst að náttúrulögmál eru háð stað, tíma og aðstæðum. Náttúrulögmál eru ekki algild – ef gerð væri slík krafa til lögmála þá væru þau ekki til staðar í efnafræði, líffræði, sálfræði, félagsfræði eða jafnvel ekki í eðlisfræði. Það eru undantekningar frá lögmálum náttúrunnar, þau eru háð aðstæðum og tilteknum skilyrðum, þau gera oft á tíðum ráð fyrir fullkomnum aðstæðum sem eru sjaldnast til staðar og þau tilheyra oft tilteknum tíma eða stað – náttúrulögmál eru því fjarri því að vera algild heldur eru þau óstöðug.<sup>91</sup> Sú staðreynd þýðir þó ekki að náttúrulögmál séu ónothæf, öðru nær. Hlutverk lögmála sé að skapa áreiðanlegar væntingar um tiltekna atburðarás. Ef lögmál gagnast til þess verkefnis sé sjálfsgagt að nota þau. Það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir hvernig lögmál eru ófullkomin. Í því samhengi ræða þeir um hugtakið stöðugleiki (*e: stability*). Það skiptir máli að gera sér grein fyrir hversu stöðugt tiltekið lögmál sé, þ.e. hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til þess að lögmálið sé stöðugt. Mikilvægt er einnig að gera grein fyrir þeim

---

<sup>90</sup> Vef. Kuntz, *The Postmodern Assault on Science*.

<sup>91</sup> Leuridan og Froeyman, „On Lawfulness in History and Historiography“, bls. 175.

aðstæðum sem skapa stöðugleikann<sup>92</sup> Í þessum eignum eru náttúrulögmál og lögmál hugvísindanna í engu frábrugðin – þau þurfa tiltekna aðstæður til þess að vera stöðug. Önnur breyta sem mikilvægt sé að hafa í huga er styrkleiki (*e: strength*). Lögmál geta haft misjafnlega mikinn styrkleika eftir því hve þau fjalla mikið um líkindi eða lögmál, alhæfingastig þeirra sé mismunandi. Sterk lögmál gera ráð fyrir að viðkomandi fullyrðing sé sterk – hafi fáar undantekningar, veik lögmál gera hins vegar ráð fyrir að viðkomandi lögmál hafi margar undantekningar. Leuridan og Froeyman telja hagnýt lögmál eiga heima jafnt í raunvísindum sem hugvísindum. Þau eigi ágætlega við í sagnfræði en taka þurfi tillit til ólíkra eiginda við notkun slíkra lögmála.<sup>93</sup>

Ofangreindar breytingar á skilningi nútímans á náttúrulögmálum gera leitina að lögmálum í sagnfræði vissulega auðveldari. Leit að lögmálum í sögunni er ekki lengur leit að ófrávíkjanlegum lögmálum sem gilda við allar aðstæður heldur leit að mynstri eða fullyrðingum sem skapar áreiðanlegar væntingar um tiltekna atburðarás.

---

<sup>92</sup> Leuridan og Froeyman, „On Lawfulness in History and Historiography“, bls. 177.

<sup>93</sup> Leuridan og Froeyman, „On Lawfulness in History and Historiography“, bls. 178.

## Niðurstöður

Á nítjándu öld voru náttúrulögmál talin algild og markmið vísindanna var að kortleggja þekkingu heimsins með því að binda hana í vef lögmála. Hugmyndin var að skýra flókinn heim með því að setja þekkingu fram í einföldum og skiljanlegum lögmálum. Þegar leið á tuttugustu öld breyttist tvennt er varðar þekkingafræðileg lögmál. Annars vegar fengu vísindi nýtt hlutverk, í staðinn fyrir almenna þekkingaöflun varð hlutverk vísindanna í meira mæli að leysa tæknileg vandamál samtímans. Þar með breyttist einnig hlutverk lögmála. Hins vegar sýndu vísindamenn tuttugustu aldar fram á að viðfangsefni raunvísindanna eru flóknari og margþættari en áður var talið. Lögmál eru ekki algild heldur eru þau óstöðug og háð ytri aðstæðum. Jafnvel bestu lögmál vísindanna eru verulega takmörkuð.

Þrátt fyrir þessar breytingar hafa fræðimenn ekki snúið baki við lögmálum enda hafa þau ennþá veigamiklu hlutverki að gegna. Hins vegar hefur nýr skilningur leitt til þess að þeim er beitt af meiri varfærni en áður. Mikilvægt er að takmarkanir lögmála liggi fyrir og styrkur þeirra og stöðugleiki sé metinn hvort heldur rætt er um raunvísindi eða hugvísindi. Þessi þróun gerbreytir umræðu um lögmál í sagnfræði enda hefur sú umræða gjarnan grundvallast á samanburði við áreiðanleika lögmála í raunvísindum. Fáir efast um gagnsemi þess í raunvísindum að setja þekkingu fram í formi lögmála þó svo fyrirvarar við það form séu meiri en áður. Þekkingafræðileg staða lögmála í sagnfræði veiktist mikið á fyrri hluta tuttugustu aldar. Á síðari hluta tuttugustu aldar veiktist þekkingafræðileg staða náttúrulögmála. Vel kann að vera að enn sé nokkur munur á stöðu lögmála eftir því hvort þau tilheyri heimi raunvísinda eða hugvísinda en nýjar hugmyndir um lögmál gefa sagnfræðingum sannarlega tilefni til þess að leita að nýju lögmála í sögunni.

Viðfangsefni sagnfræðinga eru ólík. Þær aðferðir sem notaðar eru við sagnfræðirannsóknir mótast af viðfangsefnum hverju sinni. Eftir því sem sjónarhorn eru víðara og tímalínur sagnfræðinga lengri aukist líkurnar á að hægt sé að greina lögmál í sögunni. Á 21. öld hefur áhugi á heimssögu farið vaxandi, stórsagan hefur komið til skjalanna og áhersla á umhverfismál hefur hvatt til þess að sagan sé skoðuð frá nýju og víðara sjónarhorni. Þessar breytingar á efnisvali sagnfræðinga gefa tilefni til að leita lögmála eða mynstra í sögunni.



Miklar tæknibreytingar hafa breytt vinnuumhverfi sagnfræðinga á síðustu áratugum. Ný tækni hefur auðveldað aðgengi að heimildum en einnig opnað dyr að þekkingu annarra fræðigreina. Afleiðingin er ekki bara aukið aðgengi að heimildum heldur einnig aukin samvinna ólíkra greina. Ein afleiðing aukinnar samvinnu fræðigreina er að sagnfræðin sem fræðigrein þarf að taka meira tillit til lögmála sem ríkja innan viðkomandi greina. Áhrifin sem slík lögmál hafa á framþróun sögunnar kunna að vera óbein en engu að síður þarf að gera grein fyrir áhrifum þeirra í sagnfræðilegri umfjöllun og oft eru landamærin milli fræðigreina óljós.

Til viðbótar þeim breytingum sem tengjast Internetinu og útbreiðslu þess standa nú allar fræðigreinar á þröskuldi nýrrar tækni – véla sem læra eða gervigreindar. Gervigreind mun breyta vinnubrögðum og aðferðum fræðimanna framtíðarinnar. Mögulegt er að skapa líkön sem byggð eru á veðurfarsupplýsingum, upplýsingum um hafstrauma, gróðurfar eða lýðfræði. Gögnin geta komið frá fornleifafræðingum, náttúrufræðingum, veðurfræðingum og sagnfræðingum og nýst til þess að skoða tiltekin mynstur í sögulegri þróun. Sagnfræðingar eru nú þegar farnir að nýta þessa tækni í rannsóknum sínum í leit að mynstrum í sögunni. Vissulega hefur sagnfræðin áður notið góðs af þróun í tölvutækni en færa má rök fyrir því að komandi tæknibylting muni hafa enn meiri áhrif á vinnubrögð, þekkingu og skilning okkar á fortíðinni. Þessi nýja greind skapar möguleika á að skoða söguleg mynstur með öðrum hætti en áður.

Það er áhugavert að bera sagnfræði saman við flókin kerfi náttúrunnar eins og jarðfræði og veðurfræði. Í slíkum kerfum eru fjölmargar breytur að verki en samt er mögulegt að skýra út tiltekna atburðarás og spá fyrir um framtíðarþróun ef tiltekin gögn liggja fyrir. Kerfi sem virðast við fyrstu sýn algerlega tilviljunum háð reynast við nánari skoðun hegða sér eftir tilteknum mynstrum. Með þessum hætti getur jarðvísindamaður sagt fyrir um jarðhræringar og veðurfræðingur spáð fyrir um veðurfar. Þegar upp er staðið er ekki mikill munur á lögmálum náttúrunnar og lögmálum sögunnar. Sagnfræðingar geta beitt lögmálum til orsakaskýringa og jafnvel til þess að spá fyrir um líkindi fyrir tiltekinni atburðarás. Lögmál eða mynstur eru verkfæri sem sagnfræðingar eiga að nota. Mikilvægt er þó að beita þeim af hófsemi og gera grein fyrir takmörkum þeirra. Í þessu sambandi er áhugavert að benda á bók sem kom út 2018, *How Democracies Die* eftir Steven Levitsky og Daniel Ziblatt, sem báðir eru prófessorar í stjórnmálafræði við Harvard háskóla í Bandaríkjunum. Í bókinni beita þeir sagnfræðilegri greiningu til þess að framkalla

mynstur af þeirri atburðarás sem verður þegar lýðræðisleg kerfi brotna saman. Þetta mynstur nota þeir til þess að spegla við stjórn málaþróun í Bandaríkjunum á undanförunum árum.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er tvíþætt, annars vegar að gera grein fyrir hvernig löghyggja hefur verið notuð í sagnfræði og hins vegar að svara því hvort lögmál eigi erindi í sagnfræði nýrrar aldar. Hér hafa verið færð rök fyrir því að lögmál í sagnfræði og raunvísindum séu líkari en oft er talið. Ennfremur hefur verið bent á að breyttar áherslur í efnisvali sagnfræðinga 21. aldar gefa tilefni til að leita lögmála og mynstra í sögunni. Að lokum hefur verið dregið fram hvernig aukið aðgengi að heimildum, aukin samvinna fræðigreina og síðast en ekki síst aðgangur að nýrri tækni mun beina athygli fræðimanna að lögmálsskýringum í sagnfræði. Niðurstaða ritgerðarinnar er því að löghyggja eigi sannarlega erindi í sagnfræði nútímans.

Hugtakið löghyggja hentar ekki vel til þess að lýsa hugmyndum 21. aldar um lögmál í sögunni. Það er mikilvægt að auka umræðu um þessi mál meðal sagnfræðinga, aðlaga hugtakanotkun að nýjum veruleika, hvetja til rannsókna á aðferðafræði sagnfræðinnar og minna sagnfræðinga á að láta sögu löghyggjunnar á síðari hluta tuttugustu aldar ekki blinda sér sýn.

# Heimildaskrá

- Bentley, Michael, *Modern Historiography* (London: Routledge 1999)
- Berry, Stephan, „The Laws of History“, *A Companion to the Philosophy of History and Historiography*, Ritstjóri Aviezer Tucker (Oxford: Wiley-Blackwell 2009)
- Burke, Peter, *History & Social Theory* (Cambridge: Polity Press 1992)
- Burke, Peter, *What is Cultural History?* (Cambridge: Polity Press 2008)
- Cartwright, Nancy, *The Dappled World, A Study of the Boundaries of Science* (Cambridge: Cambridge University Press 1999)
- Christian, David, „The Return of Universal History“, *History and Theory* (2010)
- Claus, Peter og Mariott, John, *History: An Introduction to Theory, Method and Practice* (London: Routledge önnur útgáfa 2017)
- Collingwood R.G., *The Idea of History* (Oxford: Oxford University Press 1986)
- Einar Már Jónsson, „Hugarfarssaga“, *Tímarit Máls og menningar* (4. tölublað 1986)
- Darnton, Robert, *The Great Cat Massacre and Other Eposodes in French Cultural History* (London: Penguin Books 1988)
- Day, Mark, *The Philosophy of History* (London: Continuum International Publishing Group 2008)
- Davies, Stephen, *Empiricism and history*, úr ritröðinni *Theory and History* (New York: Palgrave Macmillan 2003)
- Geertz, Clifford, *The Interpretation of Cultures* (New York: Basic Books 1973)
- Green, Anna, *Cultural History*, úr ritröðinni *Theory and History* (New York: Palgrave Macmillan 2008)
- Guðmundur Jónsson, „Sagan og sannleikurinn“, *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar* (1. tölublað 2008)
- Hempel, Carl G., „The Function of General Laws in History“, *Journal of Philosophy* (1942)
- A History of World Societies*. Ritstjórar John P. McKay, Bennett D. Hill, John Buckler, Patricia Buckley Ebrey, Roger B. Beck, Clare Haru Crowston, Merry E. Wiesner-Hanks (Boston: Bedford/St.Martins 2009)

- Iggers, Georg G., *Sagnfræði á 20. öld*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 37. Þýðendur Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick og Páll Björnsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 2004)
- Ingi Sigurðsson, „Sagnfræði og söguspeki“, *Mál og túlkun*. Ritstjóri Páll Skúlason (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1981)
- Kennedy, Paul, *The Rise and Fall of the Great Powers* (New York: Random House 1987)
- Leuridan, Bert og Froeyman, Anton, „On Lawfulness in History and Historiography“, *History and Theory* (May 2012)
- Lloyd, Christopher, „History and the Social Sciences“, *Writing History, Theory & Practice*, Ritstjórar Stefan Berger, Heiko Feldner og Kevin Passmore (London: Hodder Arnold 2003)
- Marvik, Arthur, *The New Nature of History: Knowledge, Evidence, Language*, (New Your: Palgrave 2001)
- Mitchell, Sandra D., *Unsimple Truths Science, Complexity and Policy*, (Chicago: The University og Chicago Press 2009)
- Moore, R.I., *The First European Revoulution* (Oxford: Blackwell Publishing 2000)
- Passmore, Kevin, „Poststructuralism and History“, *Writing History, Theory and Practice*, Ritstjórar Stefan Berger, Heiko Feldner og Kevin Passmore (London: Hobber Arnold 2003)
- Paul, Herman, „Distance and Self-Distanciation: Intellectual Virtue and Historical Method Around 1900“, *History and Theory* (2011)
- Shulst, F.LeRon, Gore, Ross, Wildman, Wesley J., og fleiri, „A Generative Model of the Mutual Escalation of Anxiety Between Religious Groups“, *Journal of Artificial Societies and Social Simulations* (Oktober 2018).
- Skirbekk, Gunnar og Gilje, Nils, *Heimspekisaga*, Þýðandi Stefán Hjörleifsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan 1999)
- Spier, Fred, *The Structure of Big History from the Big Bang until Today* (Amsterdam: Amsterdam University Press, 1996)
- Tosh, John, *The Pursuit of History* (New York: Routledge sjötta útgáfa 2015 (fyrsta útgáfa 1984))
- Weinstein, Barbara, „History Without a Cause? Grand Narratives, World History, and the Postcolonial Dilemma“, *International Review of Social History*, (2005)

Vefheimildir:

- Vef.* Fukuyama, Francis, The end of History?,  
[https://www.embl.de/aboutus/science\\_society/discussion/discussion\\_2006/ref1-22june06.pdf](https://www.embl.de/aboutus/science_society/discussion/discussion_2006/ref1-22june06.pdf), 16. febrúar 2018.
- Vef.* Kuntz, Marcel, The Postmodern Assault on Science,  
<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC3463968/>, 2. júlí 2018
- Vef.* Lansdall-Welfare, Sudhahar Saatviga, Thompson James o.fl., Content analysis of 150 years of British periodicals  
<http://www.pnas.org/content/114/4/E457>, 24. nóvember 2018
- Vef.* Mooy, Kay A., Toynbee: A Telescopic World Historian,  
<http://utminers.utep.edu/kmooy/toynbee.htm>, 16. febrúar 2018.
- Vef.* Stimely, Keith, Oswald Spengler: An Introduction to his Life and Ideas,  
[http://www.ihr.org/jhr/v17/v17n2p-2\\_Stimely.html](http://www.ihr.org/jhr/v17/v17n2p-2_Stimely.html), 16. febrúar 2018.